



X	X
Bls. 11	Bls. 24
X	X
Bls. 16	Bls. 32
X	X
Bls. 14	Bls. 38

Vís

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamenn

Sigrún Hafstein
Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmarfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristín Margrét Sigurðardóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Hallsteinn Friðbjósson
Sólveig Guðmundsdóttir

Bókasafn

Þórir Danielsson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Ísafoldarprentsmiðja

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson
Nærmynd ljósmyndastofa

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1
Sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikning viðkomandi. Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511

1. maí - velferð fyrir alla

EFNISYFIRLIT

Verulegur árangur	4	Á þriðja þúsund	28
Sáttur	6	Göngum vel um	30
Ég get ekki allt	10	1. maí viðtal	32
Ævintýrakona	18	Stéttarfélagsverð	42
Borgin okkar	20	Hvað finnst þér um 1. maí	46
Maður fær andateppu	24	1000 á Broadway	48
Ný heimasíða Eflingar	26		



Sigurður Bessason og Birgir Björn innsigla samninginn með handtaki í hópi trúnaðarmanna Eflingar og samningamanna borgarinnar

Kjarasamningurinn við borgina

Verulegur árangur

Í nýjum kjarasamningi við borgina sem undirritaður var 22. mars sl. náðist mikill árangur í launakjörum og réttindamálum félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg. Veikindaréttur lengist mikið, viðbótarframlag er í séreignarlífeyrissjóð, orlofs- og desemberupp-bót hækka verulega, réttindi félagsmanna til menntunar stóruaukast með hækkuðu 0.3% fræðslugjaldi auk fjölmargra annarra atriða m.a. bókunum um endurskoðun á tryggingum Reykjavíkurborgar og lífeyrisréttindum. Samningurinn gildir frá 1. febrúar sl. fram til 30. nóvember 2005 og tekur til 2500 starfsmanna Reykjavíkurborgar sem eru í Eflingu-stéttarfélagi. Meðal upphafshækkun er 15,5% en meðaltalslaunahækkun á samningstímanum er 8.4% á ári.

Launabreytingar

Í launabreytingum var lögð mikil áhersla á eina launatöflu þar sem innröðun í launaflokka er með lífaldurstengingu og þar sem laun fara hækkandi eftir aldri. Möguleikar á röðun í launaflokka getur komið til viðbótar í gegnum hæfnis-, námskeiðs- eða reynsluflokkun.

Nýtt starfsmatskerfi 1. desember 2002

Tekið verður upp starfsmat til að ná því markmiði að borgin geti greitt jafn há laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Þann 1. desember 2002 á mati á öllum störfum hjá borginni að vera lokið samkvæmt samræmdu matskerfi. Mikil vinna er framundan við að innleiða þetta nýja kerfi og skoða öll störf með tilliti til matsins. Starfsmatsnefnd munu vinna þetta verkefni.

a) Hæfnislaun sem byggja á starfsaldri hjá Reykjavíkurborg og því, að starfsmaður fylgi

Borgarstarfsmenn

Úrslit atkvæðagreiðslu

Atkvæðagreiðsla um samning Eflingar stéttarfélags við Reykjavíkurborg stóð yfir til 10. apríl. Taling fór fram daginn eftir þann 11. apríl. Úrslit í atkvæðagreiðslunni eru eftirfarandi

Alls greiddu xxx atkvæði um samninginn

já	sögðu	x	eða cx%
nei	sögðu	x	eða cs%
auðir /ógildir	voru	x	eða cx%

Samningurinn var samþykktur

símenntunaráætlun stofnunar/fyrirtækis getur gefið alls fjóra launaflokka.

b) Hæfnislaun sem byggja á reglum samstarfsnefndar og byggja á mati forstöðumanns á hæfni starfsmanns sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem starf gerir til starfsmannsins, geta mest gefið fjóra launaflokka.

Veikindaréttur

Veikindaréttur mun breytast verulega en nú er gert ráð fyrir að nýr veikindaréttur taki við og er rétturinn þannig að eftir 1 ár í starfi er veikindarétturinn 133 dagar eða 4.5 mánuður sem var áður 55 dagar hjá Sókn en einn mánuður hjá Dagsbrún-Framsókn. Þá verður veik-

indaréttur eftir 7 ára starf 175 dagar, eftir 12 ára starf 273 dagar og eftir 18 ára starf 360 almanaksdagar eða 1 ár. Vegna veikinda barna lengdist rétturinn í 10 daga vegna barna yngri en 13 ára.

Uppsagnarfrestur

Uppsagnarfrestur breytist og verður með samningnum sambærilegur og hjá opinberum starfsmönnum eða 3 mánuðir að loknum reynslutíma en 1 mánuður meðan reynslutími varir. Sérstaklega er fjallað um störf eftir 70

Framhald á síðu 55



Samningamenn Eflingar og borgarinnar undirrituðu samninginn að morgni fimmtudagsins 22. mars þegar síðasta samningalota hafði staðið alla nóttina en undirritun fór fram á tíunda tímanum um morguninn. Sigurður Bessason, Birgir Björn Sigurbjörnsson, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Guðrún Óladóttir og Ragnar Ólason eru að búa sig undir undirritun samningsins

Sáttur við þennan samning

- segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Ég get ekki annað sagt að ég sé sæmilega sáttur við þennan samning. Hann er að okkar mati góður og hefur mikið gildi fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar til að ná fram jöfnun réttindum sem starfsmenn borgarinnar. Mörg nýmæli eru í samningnum bæði í launa og réttindabáttum og ég vænti þess að þau munu þau nýtast félagsmönnum Eflingar vel og auka réttindi þeirra verulega. Í framhaldinu þurfum við svo að skoða tengingu þessara félagsmanna við Sjúkrasjóð Eflingar en í sjúkra- og veikindaréttindum varð alger bylting fyrir marga félagsmenn hjá borginni, sagði Sigurður Bessason í viðtali við Fréttablað Eflingar.

Samræming samninga

Sigurður segir að umtalsverð vinna hafi farið í að samræma eldri samninga Eflingar-stéttarfélags og borgarinnar en áður voru tveir ólíkir samningar milli þessara aðila. Mikilvægt sé að nú verður unnið að samræmdu starfsmati sem tekur gildi 1. des 2002.


Ég vil fullyrða að þessi samningur við Reykjavíkurborg er sá hagstæðasti sem gerður hefur verið við borgina í langan tíma. Maður er auðvitað misjafnlega sáttur við þá kjarasamninga sem við erum að gera en ég er sáttur við þennan samning sagði Sigurður að lokum.



Taktu prófið

Hér er skema, sem getur verið gagnlegt til að meta hvaða lyfjaform hentar þér best. Skemað er þróað af einum helsta rannsóknarmanni á sviði reykinga, dr. phil. Karl Olov Fagerström, og gefur mynd af reykingamynstri þínu. Svaraðu spurningunum, skrifaðu stigin í gulu fletina og leggðu þau síðan saman. Stigafjöldinn gefur til kynna hvaða Nicorette lyfjaform hentar best.

Val á Nicorette lyfjaformi þegar hættu skal reykingum



Stig 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

Hentar vel **Hentugt getur verið að nota annað eða sterkara lyfjaform**

Hjálpartæki sem inniheldur nikótín sem kemur í stað nikótíns við reykingar og dregur þannig úr fráhrarfeinknum og auðveldar fólki að hætta að reykja eða draga úr reykingum. Gæta verður varuðar við notkun lyfjanna hjá sjúklingum með alvarlega hjarta- og æðasjúkdóma. Reykingar geta aukið hættu á blóðþappamyndun og það sama á við ef nikótínlyf eru notuð samtímis lyfjum sem innihalda gestagen-östrógen (t.d. getnaðarvarmatöflur). Þungaðar konur og konur með barn á brjósti ættu ekki að nota nikótínlyf án samráðs við lækni. Þeir sem eru með sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða króníkaæxl eiga að fara varlega í að nota Nicorette tungurótartöflur. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Nicorette er til sem tyggigúmmí, forðaplástur sem er limdur á húð, nefúdalyf, töflur sem settar eru undir tungu og sem sögru. Skömmtun lyfjanna er einstaklingsbundin. Leiðbeiningar um rétta notkun eru í fylgiseðli með lyfjunum. Brynt er að lyfið sé notað rétt og í tilætlaðan tíma til að sem bestur árangur náist. Með hverri þakkingu lyfsins er fylgiseðill með nákvæmum upplýsingum um hvernig nota á lyfin, hvaða aukaverkanir þau geta haft og fleira. Lestu fylgiseðilinn vandlega áður en þú byrjar að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Pharmacia & Upjohn AB, Danmörk - Innflytjandi: Pharmaco hf, Hörgatúni 2, 240 Garðabær.

Taktu prófið

1. Hve skjótt eftir að þú vaknar reykir þú fyrstu sígarettuna?

- ☐ A. Innan 5 mín. (3) ☐ B. 6 - 30 mín. (2)
☐ C. 31 - 60 mín. (1) ☐ D. Eftir 60 mín. (0)

2. Átt þú erfitt með að sleppa því að reykja þar sem það tíðkast ekki t.d. í bíói eða kirkju?

- ☐ A. Já (1) ☐ B. Nei (0)

3. Hvaða sígarettu dagsins vildir þú síst vera án?

- ☐ A. Fyrstu (1) ☐ B. Einhverrar annarrar (0)

4. Hve margar sígarettur reykir þú á dag?

- ☐ A. Færri en 10 stk. (0) ☐ B. 11 - 20 stk. (1)
☐ C. 21 - 30 stk. (2) ☐ D. 31 eða fleiri (3)

5. Reykir þú meira fyrri bluta dags en seinni bluta?

- ☐ A. Já (1) ☐ B. Nei (0)

6. Reykir þú þegar þú ert veik/ur og rámliggjandi?

- ☐ A. Já (1) ☐ B. Nei (0)

Samanlagður fjöldi stiga:

NICORETTE®
...veldu rétt



Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar kynnir samninginn á fundi með félagsmönnum í Kiwanishúsinu.

Nýir kjarasamningar

Mikil áhersla á starfsmenntun

-segir Pórunn Sveinbjörnsdóttir

Í kjarasamningaviðræðum Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar sem lauk nú í mars var gengið frá samkomulagi um nýjar nám-

skeiðsnefndir fyrir stóra hópa sem ekki hafa átt kost á starfsmenntun hingað til. Það er mikið ánægjuefni að borgin ætlar nú að leggja aukna áherslu á menntun starfsmanna. Einnig er starfsmenntagjaldið hækkað úr 0.22% í 0.30%. Allt þetta bendir til að borgin ætli að leggja mikla áherslu á starfsmenntun, segir Pórunn Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar.

Launahækkanir með aukinni menntun

Gert er ráð fyrir að hver stofnun setji fram símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni. Starfsmaður sem tekur virkan þátt í símenntunaráætlun á rétt á hærri launum en ella. Til þess að koma þessum málum áleiðis hjá þeim stofnunum sem ekki hafa haft virka símenntunaráætlun munu verða skipaðar námskeiðsnefndir til að meta hvernig þörfin er og gera tillögu að námskeiðum sem nýtast munu í starfi.

Aukið fræðslusjóðsgjald

Hækkað fræðslugjald er mikið fagnaðarefni, segir Pórunn Sveinbjörnsdóttir, þar sem mikil fjölgun er á umsóknum í sjóðinn og munu þær aukast verulega við meiri möguleika starfsmanna í símenntun og vegna mats á starfstengdu námi.

Við erum ánægð með þennan áfanga, segir Pórunn. Með þessu er í höfn margra ára baráttu fyrir aukinni starfsmenntun fyrir þá hópa sem minnst aðgengi hafa haft að starfsmenntun.

Nú verður félagið að taka virkan þátt í að sem bestur árangur náist, segir hún.



Haldnir voru 4 kynningarfundir með starfsmönnum borgarinnar sem eru félagsmenn í Eflingu og voru þeir mjög fjölsóttir. Myndin er tekin af fundi með leikskólastarfsmönnum í Kiwanishúsinu.....

Lærum meira á leikskólum

Í nýgerðum kjarasamningi Eflingar-stéttarfélags við Reykjavíkurborg eru fjölmörg ný ákvæði um starfsmenntun og meðal annars gerir nýtt hæfnismat sem tekur gildi 1. des 2002 ráð fyrir að starfsmenn geti aukið við laun sín með starfsmenntun/símenntun um 4 launaflokka.

Efling-stéttarfélag hefur átt aðild að undirbúningi starfsnáms fyrir leikskólastarfsmenn. Það starfsnám mun verða 2ja ára stutt starfsmenntabrot þar sem starfsmenn fá tækifæri til að læra mun meira í uppeldisfræði, sálarfræði, siðfræði og innra starfi leikskóla til þess að verða hæfari til að takast á við hinar flóknustu kröfur sem nú eru gerðar til starfsmanna í uppeldisstörfum.



LAUNAMIDINN

10 ára vinningur!

Pú gætir unnið:

100.000 kr. á mánuði í 10 ár
120 sinnum 100.000 kr.

2001

1. jan.	
1. feb.	
1. mars	
1. apr.	
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2002

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2003

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2004

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2005

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2006

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2007

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2008

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2009

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2010

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2011

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000
1. apr.	100.000
1. maí	
1. júní	
1. júlí	
1. ág.	
1. sept.	
1. okt.	
1. nóv.	
1. des.	





Ég get ekki allt - og á ekki að geta það

- segir Halldór Björnsson,
fyrirverandi formaður Eflingar

Ekki óvanur maður í ræðustól á 1. maí í Reykjavík

Halldór Björnsson hætti við að hætta. — Og er störfum hlaðinn sem aldrei fyrr. Hann er nú formaður Starfsgreinasambandsins og undanfarna mánuði hefur hann verið forseti ASÍ í veikindaleyfi Grétars Þorsteinssonar. Halldór leit upp úr amstri dagsins þar sem hann ræðir m.a. stöðu verkalyðshreyfingarinnar í dag og framtíðarhorfur. — Og hann vikur sér ekki undan því að ræða átök sem hafa komið upp innan hreyfingarinnar.

Nú var það ætlun þín að hætta afskiptum af félagsmálum þegar þú lést af starfi formanns í Eflingu-stéttarfélagi síðastliðið vor. Þú ert 72 ára gamall og í mjög annasömu starfi, varla var þetta það sem þú ætlaðir þér?

Þetta er eins og annað í mínum félagsstörfum, það var tilviljun sem réði ferðinni. Þegar ég lenti í stjórn Dagsbrúnar á sínum tíma gerðist það mjög snögglega og ég vissi ekki út í hvað ég var að fara. Tíu árum síðar varð ég starfsmaður félagsins og það í sjálfu sér var á sama hátt tilviljun og eitthvað sem ég stefndi ekki að. En ég sló til og þar ílengdist ég.

Þegar ég tók við sem formaður Dagsbrúnar í janúar 1996 myndaðist ákveðið sambandsleysi á milli mín og Verkamannasambandsins. Það hefur eflaust verið mér að kenna eins og öðrum. Ég var mjög upptekinn við að sameina félögin. Við vorum mjög stór eining innan VMSÍ og fannst ekki tekið nægilegt tillit til okkar. Það var ákvörðun okkar að við fórum einir í samningana 1997. Árið 1999 kom ég á svokölluðu Flóabandalagi en að því stóðu Efling, Hlíf og Verkalyðs- og sjómannafélag Keflavíkur. Allt varð þetta til þess að skapa vissa tortryggni og leiðindi í samskiptum innan VMSÍ og manna á milli. Þegar við vorum búnir að gera samninginn á þessu ári gerði ég mér grein fyrir því að það varð að taka á þessum málum, til dæmis vegna þess er gekk á í kringum starfslok Björns Grétars hjá VMSÍ. Ég ræddi við nokkra forystumenn í VMSÍ og Flóabandalaginu með það að markmiði að hægt yrði að slíðra sverðin og koma á Landssambandi. Niðurstaðan varð samruni Verkamannasambandsins, Landssambands iðnverkafólks og Þjónustusambandsins og úr varð Starfsgreinasambandið.



Plano:

- 9:15 Fæðingardagur á Leikskólanum
- 12:00 Hetta Nónu á Kaffi París
- 17:30 Fara með kassann til móðure
- 19:30 Lita bankann sjá um fjármálin

Þjónusta – ekki afgreiðsla

Varðan er víðtæk fjármálaþjónusta þar sem þú færð persónulega og sveigjanlega þjónustu á öllum sviðum. Í Vörðunni færð þú greiðsluþjónustu sem losar þig við óþarfa biðraðir og gluggapóst á meðan þú nýtur þess öryggis að hafa öll fjármálin á einum stað.

Vörðufélagar eru traustir viðskiptavinir og eiga því kost á fjölbreyttum lánamöguleikum. Auk fjölbreyttra tilboða og fríðinda færð þú gullkreditkort og gulldebetkort sem tryggja þér þjónustu um allan heim og veita m.a. punkta hjá Vildarklúbbi Flugleiða.

Nýttu þér einstaka þjónustu Vörðunnar og láttu bankann sjá um fjármálin.

Varðan er alvöru þjónusta fyrir alvöru fólk.



Auðvitað voru fyrirvarar gagnvart mér

Síðan leiddi eitt af öðru. Ég var allt í einu orðinn miðdepillinn í stöðunni en auðvitað voru menn með alls konar fyrirvara gagnvart mér. Ég lendi semsagt í því að vera kosinn formaður Starfsgreinasambandsins sem er langstærsta sambandið innan ASÍ, með um 40 þúsund félagsmenn í 35 aðildarfélögum. Ég var því ekki að minnka umfangið þegar ég fór frá Eflingu sem í eru um 16 þúsund manns.

Ég neita því ekki að þegar ég ætlaði að hætta að vinna fannst mörgum tími til kominn, orðinn þetta gamall. En ég hef alltaf haft mikinn áhuga á starfinu og ég hreinlega vissi ekki hvað ég átti að taka mér fyrir hendur. Ég er ekki í golfi eða neinu slíku. Hef reyndar gaman af því að ferðast en ég sá mig ekki fyrir mér sem ellilífeyrisþega. Ég barst með þessum straumi og taldi mig hafa ýmislegt til að bera sem gæti nýst við að byggja upp Starfsgreinasambandið. Mín tilfinning er sú að menn séu búnir að taka mig í sátt og telji það ekki slæman kost að ég stýri sambandinu fyrstu tvö árin.

Gat ekki ýtt víxlinum frá mér

Það urðu mikil átök á síðasta þingi ASÍ. Þú varst kosinn varaforseti og hefur auk annarra verkefna verið forseti ASÍ í veikindaleyfi Grétars Þorsteinssonar.

Ég var formaður kjörnefndar á þingi ASÍ sem var mjög erfitt. Mikil óeining hefur verið í hreyfingunni og menn barist á banaspjót, bæði milli félaga og persónulega. Þetta var því mjög erfitt hlutverk og ég reyndi mikið til að fá fólk til starfa í miðstjórninni. Það að ég skyldi lenda í miðstjórninni var afleiðing af skipulagsbreytingum ASÍ. Nú er ASÍ alfarið byggt upp af landssamböndum og þess vegna eðlilegur hlutur að formaður Starfsgreinasambandsins eigi sæti í miðstjórninni. Ég ætlaði ekki að taka að mér að vera varaforseti ASÍ. Mál þróuðust bara þannig og þar kom tilviljunin enn við sögu.



Í Flóasamningnum 2000. Þórir Einarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Hrafnhildur Stefánsdóttir og Halldór

Ef menn kunna að vinna með fólki, nýta hæfileika þess og eru ekki „dóminnerandi“ yfir öllu þá ganga málin upp



Strax í fyrstu vikunni eftir þingið veiktist Grétar og það þýddi ekki að ýta þeim víxli frá sér, ég var búinn að skrifa upp á hann. Nú var bara að duga eða drepast. Það að duga var í mínum huga að koma ASÍ upp úr lægðinni sem það virtist vera í. Það var óeining í hreyfingunni og erfiðleikar á skrifstofunni sem enduðu með því að framkvæmdastjórinn Ari Skúlason, einn nánasti samstarfsmaður forsetans, bauð sig fram gegn honum. Ég viðurkenni að ég studdi Ara opinberlega. Gerði það meira að segja svo bjánalega að ég var formaður kjörnefndar þegar ég lýsti yfir stuðningi við hann. Þetta átti ég auðvitað ekki að gera því ég var í trúnaðaðarstarfi á þinginu. Ég bauðst til að segja af mér en menn töldu að kraftar mínir myndu nýtast vel í nefndinni því það stóðu vonir til þess að við næðum sáttum. Síðan komu upp erfiðleikar. - Rafiðnaðarsambandið neitaði að taka sæti í miðstjórninni og formaður þess var með yfirlýsingar sem að mínu mati voru ekki nógu vel ígrundaðar.

Ég settist í stól varaforseta en vissi auðvitað ekki að ég myndi stýra ASÍ næstu mánuði. Mér hefur tekist að mynda mjög gott samband við starfsmennina og við erum á réttri leið og Grétar er að koma til starfa á ný.

Þó ég segi sjálfur frá þá held ég að ég eigi mjög gott með að umgangast fólk og vinna með fólki og ég geri mér grein fyrir því að ég er ekki alvitur og á ekki að kunna allt. Það er mjög hæft fólk í kringum mig og þess vegna hefur þetta gengið upp. Við höfum komið okkur upp góðu skipulagi, höldum fundi vikulega og förum yfir stöðuna og verkefnið framundan. Ef menn kunna að vinna með fólki, nýta hæfileika þess og eru ekki „dóminnerandi“ yfir öllu þá ganga málin upp. Þetta lærði ég hjá Eflingu.

Í starfi sem þessu þarftu að vera svolítið kærulaus og ég er það í eðli mínu. Maður verður að geta gleymt amstrinu og ýta því frá sér. Ef ekki þá brenna menn upp. Ég er ekki svo mikilvægur að ég verði alltaf að vera til staðar.

Viðhorfin gagnvart Ara komu á óvart

Í framhaldi af þessu hljóta margir að spyrja: Þú segir að forystumaðurinn eigi að koma úr grasrótinni voru það þá ekki mistök að halda að Ari Skúlason ætti möguleika?

Jú, ég bara áttaði mig ekki á því. Ég studdi Ara Skúlason og gerði það heiðarlega. En það voru mistök að kynna sér ekki hvernig viðhorf-

Reiknist
Lífeyrissj.



Með sínum mönnum í Áburðarverksmiðjunni



Jafnan vinsæll meðal kvenna. Halldór með Rannveigu Gunnlaugsdóttur, Jónínu Sigurðardóttir, Ingibjörgu B. Sveinsdóttur og Þuríði Ingimundardóttur

ið var gagnvart honum í hreyfingunni. En svona fór þetta og ég er þannig gerður að ég fer ekki af límingunum þó ég tapi. Ég tapaði þessum slag en ég ákvað að þar með væri heimurinn ekki að farast. Ég bara ákvað að halda áfram.

Ari er hinn mætasti maður en hann skortir félagslega framkomu og víðsýni. Kannski á maður ekki að rifja upp svona hluti en viðtalið við hann í Morgunblaðinu, sem birtist eftir að hann hætti hjá ASÍ, var mér mikið áfall. Þegar menn fara af sínum gamla vinnustað þá geta þeir ekki stillt málum þannig upp að þeir séu hinir einu réttu og allir aðrir viti nánast ekki neitt.

Rigning í þurrkatíð

Það hafa oft verið mikil átök innan hreyfingarinnar. Dæmi um það eru móttframboðin í Dagsbrún, sem kunnugir segja að hafi farið í taugarnar á þér. Hvernig lítur þú á þau átök eftir á? Voru þau nauðsynleg vítamínsprautu, eigum við kannski að segja spark í rassinn?!

Ég held að það sé rétt. Á þessum tíma hafði ekki verið kosið í Dagsbrún í ein fimm ár.

Framboðið 1996 í Dagsbrún var í sjálfu sér jákvætt. Það ýtti við okkur og þýddi að við urðum að vinna meira í innri málum félagsins. Það hefur enginn gott af því að sitja í starfi þar sem allt virðist slétt og fellt og engum dettur í hug að hrófla við neinu. Þó ég væri hundpirraður á þessu framboði, þætti móttframboðendurnir ósanngjarnir og ósvífir þá var það, eftir á að hyggja, kannski bara nauðsynlegt upphaf á mínum ferli sem formaður. Þetta varð m.a. til þess að ég gaf út yfirlýsingu um að ég myndi vinna að sameiningu stéttarfélaganna á Reykjavíkursvæðinu.

Framboðið var eins og rigning í þurrkatíð. Menn verða þó að gera sér grein fyrir því að það er gífurlegt álag að berjast í svona framboði. Þegar við lögðum af stað í þennan slag var Dagsbrún töpuð úr höndunum á okkur. Protlaus vinna skilaði okkur sigri en það munaði ekki miklu, rétt um 150 atkvæðum. Slagurinn var ekki þar með búinn því ári síðar endurtók sagan sig. Þá gerðum við könnun meðal félagsmanna um afstöðu þeirra til félagsins. Ég gerði mér grein fyrir því að við þurftum að vinna okkar verk og skila árangri.

Ég hafði með mér mjög gott samstarfsfólk í stjórninni og í sameiningu byggðum við upp innra starfið í félaginu sem var búið að vera í molum. Vissulega bar ég ábyrgð á því eins og aðrir í forystunni en auðvitað réði ég ekki eins miklu á þeim tíma eins og eftir að ég varð formaður. Nú segja eflaust margir að það hafi engin breyting orðið en það er alls ekki rétt. Á þessum tíma varð Efling til og við fluttum af Lindargötunni í Skipholtið. Þegar Iðja kom inn í árslok 1999 þurftum við stærra pláss og þá notuðum við tækifærið og byggðum á framtíðarlóðinni við Sætún sem félagið hafði átt í hálfa öld. Ég er því nokkuð sáttur við hvernig ég skildi við Eflingu.

Vil efla hlut kvenna

Ertu ánægður með þá endurnýjun sem á sér stað í forystu stéttarfélaganna? Verða þessir sterku forystumenn óþarfir í framtíðinni?

Landssamböndin þurfa sterka forystumenn sem eru vakandi fyrir því að halda þeim í sviðsljósinu. Þrátt fyrir alla sérfræðingana sem leggja sitt af mörkum þarf foringja og hann verður að koma úr grasrótinni. Forystumaðurinn er andlit hreyfingarinnar út á við. Við lifum í fjölmiðlaumhverfi og stéttarfélögin þurfa stöðugt að minna á sig.

Framhald á síðu 53

**Foringjar verða að koma
úr grasrótinni**



Línur

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 10. maí.
Fundurinn verður haldinn í Kiwanishúsinu við Engjateig og hefst kl. 20.00.

Dagskrá

1. Lagabreytingar
2. Venjuleg aðalfundarstörf
3. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar liggja frammi á skrifstofu Eflingar að Sætúni 1
Reykjavík frá og með 2. maí nk.

Félagar fjölmennið
Kaffiveitingar



Stjórn Eflingar-stéttarfélags

Logo

Logo



Við störf bensínafgreiðslumanns við Gullinbrú

Fyrrum trúnaðarmaður Eflingar

Ævintýrakona hjá Olís

Rætt við ferðalanginn og kafarann Sigrúnu Tómasdóttur

Margt samningafólk úr kjarasamningunum 1997 man eftir Sigrúnu Tómasdóttur, einbeittu og snaggaralegri stelpu sem var trúnaðarmaður Olís í samningunum. Lesendur Fréttablaðs Eflingar muna líka eflaust eftir pistlum frá Sigrúnu sem hún skrifaði frá ferðalögum sínum í Mið-Ameríku 1997 og 1998 m.a. frá Hondúras og Guatemala. Eins og fram kemur í viðtalinu hér á eftir er Sigrún mikill áhugamaður um ferðalög í fjarlægum löndum og er núna að undirbúa ferð til Asíu. Það er skemmtilegt að ræða við Sigrún og hún var fyrst spurð hvenær áhugi hennar hefði vaknað á ferðalögum...

Ég veit það ekki. Ætli hugmyndin að því að fara sem skiptinemi til fjarlægs lands hafi ekki

fyrst vaknað þegar ég var að vinna á bensindælu hjá Olís. Ég hafði ferðast til nálægra landa og m.a. verið í skóla í Danmörku og unnið á hótélum í Kaupmannahöfn og Englandi og svo langaði mig til að læra spænsku þannig að þarna var upplagt tækifæri til að sameina þetta hvoru tveggja og niðurstaðan var sú að ég fór sem skiptinemi til Hondúras til að vinna sem sjálfbóðaliði.

Hvar dvaldirðu í Hondúras?

Ég bjó í höfuðborginni Tegucigalpa hjá yndislegru fjöldskyldu sem gerði allt fyrir mig. Ég var t.d. spurð að því hvað mér þætti gott að borða og hvað ekki og fékk aldrei það sem ég hafði sagt að mér þætti vont en mataræðið var náttúrulega allt öðruvísi en ég var vön að heiman. Svo voru mér lagðar lífsreglurnar eins og að vera ekki úti eftir myrkur og taka ekki leigubíl ein og svo framvegis.

Þegar ég kom út fór ég í sjálfbóðavinnu í skóla nálagt markaði þar sem börn voru að vinna við að selja allskonar varning með fjölskyldum sínum allan daginn en þau höfðu ekki efni á því að vera í skóla þó að skólaganga eigi að heita ókeypis í landinu vegna þess að þau þurftu að borga skólabúninga og bækur. Í þennan skóla gátu krakkarnir komið og fengið kennslu á morgnana í ensku stærðfræði og fleiri greinum og eftir hádegið var farið í allskonar leiki eða bara talað saman.

Ein og hálf milljón misstu heimili sín

Svo kom fellibylur sem lagði allt í rúst í borginni?

Já, fellibylurinn Mitch kom og rústaði öllu. Markaðurinn við skólann þar sem ég vann skolaðist meira og minna í burtu og heilu hverfin í borginni hurfu undir vatn og sumstaðar hurfu heilu þorpin. Ein og hálf milljón manns misstu heimili sín í þessum flóðum. Það var hræðileg lífsreynsla að horfa upp á þetta. Það rigndi og rigndi og vatnið flæddi um allt. Ég fór í bæinn með vinkonu minni þennan dag og allt í einu tókum við eftir því að bærinn var orðinn mannláus og vatnið í ánni sem rennur í gegnum borgina var farið að hækka ískyggilega mikið. Þannig að til að komast heim ákváðum við að drífa okkur til baka yfir brýrnar en þá var vatnið komið alveg upp að brúargólfinu og jafnvel farið að flæða yfir og sumstaðar urðum við að vaða upp að hnjám. Þegar yfir kom voru strætisvagnar hættir að ganga og engan leigubíl að fá og urðum við því að ganga heim. Á leiðinni stoppuðum við í búð til að kaupa eitt-hvað að borða og þurftum við að bíða í þrjá klukkutíma eftir afgreiðslu því allir voru farnir að hamstra vörur. Í flóðinu hrundu allar brýr og stór hluti af hverfinu sem ég bjó í fór undir vatn og skolaðist í burtu.

Sjálfbóðaliðar misstu vinnuna eftir flóðið

Útgöngubann var sett á eftir klukkan nýu á kvöldin til fimm á morgnana. Þá fékkst ekkert



Aðaláhugamálið er köfun þessa dagana. Myndin er tekin í Utilla

eldsneyti í borginni og engin matur var í verslunum, ekki einu sinni þurrmjólk. Við lifðum eingöngu á litlum pönnukökum með túnfiski um tíma.

Tókstu ekki þátt í hjálparstarfi eftir þessar hörmungar?

Jú, jú skiptinemarnir sem voru í sjálfböð-



Í Ástralíu með krókóðil...

starfi misstu flestir vinnuna eftir flóðið þannig að við fórum sjálf að hjálpa til þar sem við gátum. Eitt af því sem vinir mínir gerðu var að þau söfnuðu peningum frá heimalöndum sínum til að aðstoða við uppbyggingarstarfið og

Framhald á síðu 52

Elding Hvalaskoðun og skemmtisiglingar



Elding er glæsilegt 125 tonna skemmtisiglingaskip, sem tekur allt að 100 manns.

Hvalaskoðunarferðir alla daga frá apríl-október kl. 10:30.



Tilvalið í starfsmannaferðir og ýmiskonar skemmti- og veilsuferðir.

Allur búnaður fyrir sjóstangaveiði, grill og bar um borð.



Elding hvalaskoðun
Sími: 692 4210 - 555 3565
Fax: 554 7420
www.islandia.is/elding
e-mail: elding@islandia.is



Hrein miðborgfögur miðborg???

Verður að bæta umgengni

- segir Sigurður I. Skarphéðinsson, gatnamálastjóri

Það er oft ófögur sjón að sjá miðborg Reykjavíkur að loknum frídegi eftir mannfögnuð næturinnar. Það er eflaust órafjarri hugarheimi þeirra sem stunda næturlífið í miðborg Reykjavíkur að starfsmenn borgarinnar þurfi að þrifa miðbæinn að morgni eftir skemmtun



Sigurður Skarphéðinsson, gatnamálastjóri skoðar myndir sem voru teknar af sóðaskap í miðbænum nýlega

næturinnar. Fréttablað Eflingar ræddi við Sigurð I. Skarphéðinsson og nokkra starfsmenn sem annast þrífing til að forvitnast nánar um þetta og Sigurður var fyrst spurður hvað það kostaði á ári að halda borginni hreinni. Við gefum Sigurði orðið.

Reykjavíkurborg ver á hverju ári 90 til 100 milljónum í hreinsun borgarinnar sem ég tel vera töluvert hærri upphæð en sambærilegar borgir í nágrannalöndunum gera. Verulegur hluti af þessu fé fer að sjálfsögðu í almenna hreinsun gatna og gönguleiða en miðað við flatarmál þá fer lang mest til hreinsunar í miðborginni.

Ástæður þess að mestu fé er varið til miðborgarinnar eru tvíþættar. Í fyrsta lagi komi til vilji borgaryfirvalda til að halda miðborginni eins hreinni og nokkur kostur er og svo sé verulegur kostnaður sem leiðir af slæmri umgengni fólks og á það sérstaklega um hreinsun miðborgarinnar eftir næturlíf um helgar.

Ástandið hvað varðar hreinsun gert erfiðara með lengri opnunartíma

Hvernig er ástandið í miðborgarinnar núna?

Eftir að opnunartími veitingastaða var lengdur sem auðvitað hefur haft góð áhrif þá hefur ástandið hvað okkur varðar og hreinsun miðborgarinnar versnað að því leytnu til að



Dæmigerð mynd að morgni eftir næturliðið í miðborginni

fólk er úti á götum mun lengur en áður og starfsmenn komast ekki að á þeim tíma sem þarf til að hafa örugglega lokið hreinsun áður

en fyrstu vegfarendur morgunsins birtast.

Að sumarlagi er ástandið orðið þannig að hreinsunarmenn komast ekki að fyrr en milli

Flugfél Ísl



klukkan sex og sjö að morgni svo að oft er nær ógerlegt að ljúka hreinsun inna þeirra marka sem við gjarnan vildum.

Eins og allir sem koma í miðborgina snemma að morgni geta séð þá er umgengnin í raun fyrir neðan allar hellur og með ólíkindum að koma að miðbænum í þessu ásigkomulagi helgi eftir helgi. Ef við ætlum að halda borginni eins hreinni og við óskum þá næst það ekki nema með því að fólk bæti umgengni sína í miðborginni. Það er sama hvað er þrifið og sópað, borgin mun aldrei líta eins vel út og við vildum nema það sé ráðin bót á þessu umgengnisvandamáli um helgar.

Stórhættulegt gler á götunum

Eitt af stóru vandræðunum í Kvosinni er að menn fara með ölglas af veitingastöðum og þegar það er orðið tómt er það látið vaða í götuna og botnarnir sem yfirleitt eru úr stóru og þykku gleri verða stórhættulegir og geta valdið verulegum skaða á dekkjum sem kosta kannski fjörutíu til fimmtíu þúsund krónur stykkið.

Hér þarf að verða viðhorfsbreyting í allri umgengni okkar um borgina um helgar og það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni allra borgarbúa sem vilja eiga kost á góðu næturlífi í borginni. Skemmilegt og lifandi næturlíf þarf ekki endilega að vera með þeim sóðaskap sem nú viðgengst, sagði Sigurður Skarphéðinsson að lokum.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Verðum stundum fyrir aðkasti

Sveinbjörn Sveinbjörnsson vinnur hjá bæki-
stöð Gatnamálastjóra við Miklatún.

Hann segir að starfsmenn mæti yfirleitt fjór-
ir þ.e. starfsmenn bæki-
stöðva í miðbæinn upp
úr klukkan sex um helgar með handsópa. Við
sópum draslið fyrir sóptækin sem þau ná ekki
til eins og í hornum, tröppum undir bekkjum
og fleiri stöðum. Ruslið er af ýmsu tagi. Það
eru glerbrot eftir glös og flöskur, pappi matar-
leifar og einstaka æla hér og þar. Einnig tæm-
um við rusladalla. Þetta er mikið labb. Við för-
um m.a.um Hafnarstræti, Tryggvagötu, Lækj-
argötu, Austurstræti og Aðalstræti.

Oft er þetta mjög erfitt því að sumir veitinga-
staðir loka ekki fyrr en undir morgun og oft
eru margir nátthrafnar á sveimi í miðborginni
og glaumur og gleði fram undir níu. Stundum
verðum við fyrir aðkasti og einu sinni var
flösku fleigt í bakið á mér og svo er verið að
reyna að taka sópana af okkur. Tillitsleysi fólks

*Sveinbjörn Sveinbjörnsson*

er með ólíkindum og þessi umgengni er fyrir
neðan allar hellur. Þetta fólk gengur vonandi
ekki svona um heima hjá sér.

Hagst. Ísl



Einar Skúlason

Hrein miðborg..... fögur miðborg?????

Maður fær oft andarteppu

- segir Einar Skúlason á vatnsbílnum

Einar Skúlason vinnur á vatnsbíl hjá Hreinsitækni við að þvo göturnar í miðborg Reykjavíkur um helgar. Hann hefur unnið í þessu starfi í tæp fimm ár og við biðjum hann að lýsa starfinu.

Við mætum niður í bæ upp úr sex á morgnana og byrjum að sópa og hreinsa göturnar og eitt það versta sem við lendum í er svokallaður hlandþvottur. Það eru ýmsir staðir notaðir til slíkra þarfa og einn sá verst er planið þar sem Borgarbílastöðin var í Hafnarstræti. Þar eru hlandpollarnir út um allt og á einum veggnum sést vel að það er eins og nokkrir standi saman og pissi. Þetta er ein og almenningssalerni.

Í Veltisundinnu er gert meira en bara að pissa. Fólk losar sig við saur og ælu. Maður fær oft andarteppu sérstaklega á sumrin í miklum hita þegar stækjan leggur um allt. Svo er portið fyrir miðri Lækjargötunni þekkt hlandhorn og Kolasundið sem er við Héraðsdóm er mjög slæmt. Sund við norðurenda Hafnarstrætis er alveg hryllingur. Svona mætti lengi telja.

Ilmsápur á mestu fýluna

Við erum með kort í bílunum yfir staðina

sem við þrífum. Við notum sterka sápublöndu við þvottinn en oft þarf hreina sápu á verstu staðina og stunduð höfum við reynt að nota sérstakar ilmsápur til að slá á mestu fýlunna. Salernum hefur verið komið fyrir hjá Kola-portinu sem fólk virðist ekki nota til annars en að pissa utan á þau.

Eitt skiptið var ég beðinn að fara að fyrirtæki í borginni þar sem ég þurfti að hreinsa manna-saur sem var við innganginn. Honum hafði verið makið á hurðina og hurðarhúnn þannig að starfsfólkið komst ekki inn. Það kemur oft fyrir að það sé ráðist á tækin með barsmíðum og flöskukasti og þau stórskemmd. Einn félagi minna fékk flösku í gegnum sóllúgunu sem var kastað úr íbúð í Aðalstrætinu og glerbrotunum rigndi yfir hann en sem betur fer slasaðist hann ekki.

Svo finnum við ýmislegt. Einn starfsmaður sem var að sópa gangstétt í Bankastrætinu fann ellefuhundruð þúsund krónur í peningum í brúnu ómerkту umslagi í Bankastrætinu. Hann fór á lögreglustöðina þar sem hann lét vita af þessu og skildi eftir nafn og símanúmer. Örfáum dögum seinna hringir maður utan af landi sem sagði að sonur sinn hefði farið í bæinn að kaupa bíl og hefði geymt umslagið í erminni á úlpunni sinni og á ferð um bæinn hefði umslagið týnst. Þannig að sonurinn fékk peningana og vonandi bíl líka. Finnandinn afþakkaði fundarlaun en fékk tvo kjótskrokka að launum.

Tunnur hafa horfið

- þó festar séu með keðju við staura segja Ísak Guðjónsson og Pétur Viðar Elínarson

Ísak Guðjónsson og Pétur Viðar Elínarson vinna hjá Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar. Þeir hafa tekið að sér að koma fyrir sérmerktum ruslatunnum fyrir gler víðsvegar um miðborgina um helgar. Þeir setja tunnurnar á þá staði þar sem þeir telja að umferð fólks sé mest og þar sem það safnast helst saman. En því miður virðist vera erfitt að komast að þeim því að það er miklu meira af glerbrotum í kringum þær en í þeim.

Við byrjuðum á þessu fyrir tíu mánuðum og í fyrstu var ekki mikil notkun á þeim en síðan hefur það aukist töluvert. Því fleiri flöskur sem við fáum í tunnurnar því ánægðari verðum við. Eitt af þeim vandamálum sem við eigum við að glíma er að tunnurnar hafa horfið þó að þær séu festar með keðju við staura eða bekkir og svo hafa þær líka verið mölbrotnar og af þessu hlýst mikill kostnaður.

Verslunareigendur setja stundum einnig rusl í tunnurnar sem er ekki æskilegt.



Ísak Guðjónsson og Pétur Viðar Elínarson

Landgr. rík

Ný og endurbætt heimasíða www.Efling.is

- opnuð á baráttudeginum 1. maí

Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á gerð nýrrar heimasíðu Eflingar —stéttarfélags sem verður opnuð 1. maí. Heimasíðan verður mjög aðgengileg og við hönnun síðunnar var lögð áhersla á að félagsmenn og aðrir gestir eigi auðvelt með að nálgast þær upplýsingar sem óskað er eftir. Upphafssíðan mun birta nýjustu fréttir frá félaginu sem eru markverðastar hverju sinni ásamt því að bjóða uppá tengingu við sjö megin undirsíður. Þessar sjö megin undirsíður eru:

- **Kjaramála síða** þar sem allir samningar félagsins verða birtir og skýrðir.

- **Um félagið**, þar sem skýrð verður uppbygging félagsins, gerð grein fyrir sögu þess í stuttu máli ásamt því sem hægt verður að nálgast upplýsingar um stjórn og starfsmenn Eflingar — stéttarfélags.

- **Orlofssjóður og ferðir**. Á þessari síðu geta félagsmenn nálgast yfirlit yfir öll orlofshús félagsins, fengið upplýsingar um aðbúnað þeirra auk þess að sækja um orlofshús beint á síðunni.

Þá verða birtar upplýsingar um ferðir félagsins og punktakerfi orlofssjóðs útskýrt.

- **Sjúkrasjóður** mun hafa sérstaka síðu þar sem birt verður yfirlit yfir styrki sjúkrasjóðs og gerð verður grein fyrir reglum sem gilda um styrki úr sjóðnum, einnig verður hægt að nálgast umsóknareyðublöð í sjúkrasjóðinn á síðunni.

- **Fræðslumálum** er ætluð sér síða þar sem gerð verður grein fyrir nýstofnuðum starfsmenntasjóðum Eflingar, reglur um styrki verða birtar og sagt frá því helsta sem er að gerast í fræðslumálum á vettvangi félagsins.

- **Atvinnuleysi**. Hér munu verða upplýsingar og leiðbeiningar frá vinnumiðlun og atvinnuleysistryggingarjóði, einnig verða lög og reglur sem varða atvinnulausa skýrðar.

- **Útgáfa félagsins**. Á þessari síðu munu gestir geta skoðað alla útgáfu félagsins og nálgast þannig fyrri blöð og kynningarefni sem Efling — stéttarfélag hefur gefið út.

Þessi nýja heimasíða félagsins á án efa eftir að nýtast félagsmönnum vel og auðvelda alla upplýsingamiðlun frá Eflingu til félagsmanna. Að sjálfsögðu mun Efling halda áfram að gefa út Fréttablaðið og ýmis kynningarrit. Heimasíðunni er ætlað að vera viðbót við þá útgáfu og auka þannig þjónustu við félagsmenn. Allar ábendingar félagsmanna varðandi skipulag og efnistöð á heimasíðunni eru vel þegnar. Svo er bara að smella á www.efling.is.

Viðbótarlífeyrissparnaður - ertu með?

Séreignarsjóður Framsýnar

Nú hefur Séreignarsjóður Framsýnar starfað í rúm tvö ár og margir hafa bætst í hópinn síðasta árið. Í desember síðast liðinn, voru sjóðfélagar rúmlega 500 og eru í dag 660 talsins.

Ávöxtun sjóðsins þessi fyrstu tvö ár hefur verið góð þrátt fyrir miklar lækkanir á verðbréfamörkuðum síðari hluta ársins 2000. Frá ársbyrjun 1999 til ársloka 2000 var Framtíðarsýn 1 með meðaltals raunávöxtun 7,7% og nafnávöxtun 12,5%. Meðaltals raunávöxtun Framtíðarsýnar 2 var á sama tíma, 8,8% og nafnávöxtun 13,5%.

Þessi sparnaður er mjög mikilvæg viðbót fyrir þá sem vilja auka lífeyrissparnað sinn og þannig tryggja sér meiri sveigjanleika við starfslok eða hafa rýmri fjárráð fyrst eftir að lífeyrisaldri er náð. Fjölgunin í sjóðnum sýnir að félagsmenn eru að átta sig á hve hagstæð og góð þessi sparnaðarleið er.

Mótframlag vinnuveitanda er launahækkun til þín. Þú færð hana ekki nema með því að semja um séreignarsparnað. Framlag þitt byggir grunninn í sparnaðinum en mótframlag launagreiðanda og ríkis er viðbót sem vegur þungt.

Dæmi	Í dag	jan. 2002	Í dag	jan. 2002
Heildarlaun	100.000	100.000	100.000	100.000
% viðbótarsparnaðar	2%	2%	4%	4%
Þitt framlag	2.000	2.000	4.000	4.000
Mótframlag atv.rekanda (1% nú, 2% jan 2002)	1.000	2.000	1.000	2.000
Mótframlag ríkis (0,2-0,4%)	200	200	400	400
Innborgun á sparnað	3.200	4.200	5.400	6.400
Útborguð laun lækka um	1.225	1.225	2.450	2.450
Lækkun á staðgreiðslu	775	775	1.550	1.550

Byrjaðu strax því tíminn vinnur með þér og nú getur þú greitt allt að 4% af heildarlaunum þínum fyrir skatt (2% vegna samninga + 2% vegna lagaákvæða), í séreignarsjóð og fengið í mótframlag 1,4%. Mótframlagið mun síðan hækka í 2,4% gegn þínum 4% í janúar 2002. Athugaðu að þó þú greiðir 4.000 kr. í séreignarsjóð þá lækka útborguð laun aðeins um 2.450.

Enginn ætti að láta þessa kjarabót fram hjá sér fara og þeir sem í dag greiða 2% ættu að huga að því að hækka í 4% og ná þannig hámarks mótframlagi.

Þetta er hagstæðasta sparnaðarformið!

Ekki missa af því!



Metró Normann



Það er oft mikið annríki á skrifstofu Eflingar eins og þessi mynd ber með sér þar sem Kristín Margrét Sigurðardóttir er að aðstoða félagsmenn í afgreiðslu

Fjöldi félagsmanna sem koma á skrifstofuna

Á þriðja þúsund manns á mánuði

Það hefur lengi verið ljóst að mikið álag er á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags og má þar nefna ummæli eins félagsmanns sem vitnað var til í síðasta félagsblaði um að skrifstofan væri eins og járnbrautarstöð. Það er góðs viti og vitnar um lifandi starfsemi. En ekki hafa legið fyrir tölur um álagið og var ákveðið að telja félagsmenn sem koma á skrifstofuna í marsmánuði. Í ljós kom að talsvert á þriðja þúsund manns koma á skrifstofuna á aðeins einum mánuði.

Talning á heimsóknnum félagsmanna á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags fór fram í mars mánuði 2001. Markmiðið var m.a. að fá tölu- legar staðreyndir til að byggja á við skoðun á þjónustu skrifstofunnar. Slík talning hefur ekki verið gerð áður.

Þess ber að geta að mikið álag var í þessum mánuði þar sem skrifað var undir samning við

Reykjavíkurborg, ellilífeyrisþegum var boðið í kaffisamsæti á Broadway, byrjað var að taka við umsóknum fyrir úthlutun á sumarhúsum fyrir sumarið. Ekki má svo gleyma þeim sem komu vegna hinna ýmsu kjaramála og að sækja um í sjúkra- og fræðslusjóðum Eflingar. En einnig þarf það að koma fram að á síðustu árum hafa á hverju ári verið löng álagstímabil á skrifstofu Eflingar vegna sameininga félaga- anna, kjarasamninga og ýmsra þjónustubátta í vaxandi félagi.

Niðurstaða talningarinnar var sú að alls komu 2229 félagsmenn í heimsókn á þessu tímabili sem er um 101 félagsmaður á dag.

Hér er eingöngu átt við þá sem koma á skrifstofuna en skrifstofa Eflingar er einnig að skoða símaálag og notkun á vef félagsins með það í huga að geta eftt og bætt þjónustu skrifstofunnar.

Merk ráðstefna í vændum

Hvað er að vera sjálfbodaliði?

Árið 2001 er ár sjálfbodaliðastarfa. Í nefndarstarfi á vegum heilbrigðiðráðuneytisins um ímynd ellinar og verðmæti umönnunarstarfa hefur verið ákveðið að efna til ráðstefnu 27.apríl n.k. þar sem fjallað verður um sjálfbodaliðastörf hér á landi í þágu aldraðra. Verður þeim hluta gerð skil frá Rauða Krossinum og ellimálanefnd þjóðkirkjunnar en báðir þessir aðilar hafa unnið mikið starf öldruðum til heilla.

En aðal fyrirlesari á ráðstefnunni er Lise Legart sem kemur frá Danmörk en þar stýrir hún í Alaborg verkefni sem ber heitið *Eldri hjálpa eldri*. Þetta verkefni mun hún kynna en það hefur verið tilraunaverkefni í Danmörk í rúm tvö ár og un nú komið til að vera.

Á Íslandi eru nú um 28 þúsund Íslendingar yfir 67 ára aldri og af þeim hóp eru rúm 3000 sem þurfa þjónustu. Stór hópur aldraðra er mjög einmana og á oft erfitt með að mynda ný tengsl t.d. eftir missi maka eða aðrar breytingar sem fylgja þegar árin færast yfir. Aldraðir sjálfir geta gert svo margt til að bæta stöðu sína



og annara með því að taka virkan þátt í slíkum verkefnum. Þessvegna er m.a. verið að vekja athygli á þessum leiðum.

Við hvetjum fólk sem hefur áhuga á að sækja þessa ráðstefnu að koma í Áskirkju kl. 13.00 föstudaginn 27.apríl. n.k. Allir eru velkomnir.

Ópólitískt flokkakerfi

Þannig á að flokka úrgang

Þú ferð með forflokkaðan úrgang á rampa að gám sem merktur er úrganginum sem þú ætlar að losa.

Ef þú ert með fleiri tegundir úrgangs losar þú hverja fyrir sig í gáma merkta þeim úrgangi. Atvinnulífið greiðir fyrir allan úrgang.

Úrgangur frá almenningi er gjaldfrír með undantekningum af

- úrgangi frá byggingu og breytingu húsa
- úrgangi frá húsdýrahaldi
- lagerum yfirteknum við húsakaup.

Greiðsluskýldur úrgangur er mældur upp og þú greiðir fyrir þjónustuna að lokinni afgreiðslu.

- | | |
|------------------------------|---------------------------------------|
| 1 Timbur | 12 Teppí, dýnur |
| 2 Dagblöð, tímarit | 13 Grófur, óbagganlegur úrgangur |
| 3 Skrifstofupappír | 14 Annar bagganlegur heimilisúrgangur |
| 4 Bylgjuþappi | 15 Kælitæki |
| 5 Fernur | 16 Vörubretti |
| 6 Málmar | 17 Skilagjaldsumbúðir |
| 7 Trjágreinar | 18 Klæði |
| 8 Gras og blómaafskurður | 19 Skór |
| 9 Grjót, gler og burðarhæfur | 20 Spilliefni |
| 10 Jarðvegur | 21 Kerti |
| 11 Hjólbarðar | 22 Rafeindabúnaður |



Vissir þú að 70% af úrgangnum sem kemur inn á endurvinnslustöðvar SORPU fer til endurnotkunar og/eða endurvinnslu.

Upplýsingar um afgreiðslutíma endurvinnslustöðvanna er að finna í Símaskránni, dagbók Morgunblaðsins og Gulu Línunni. Upplýsingabæklingar SORPU liggja frammi á endurvinnslustöðvum.

Hvenær er opið?

Á veturna: 16. ág. - 15. maí kl. 12:30 - 19:30

Á sumrin: 16. maí - 15. ág. kl. 12:30 - 21:00

Um helgar: kl. 10:00 - 18:30

Að auki eru stöðvarnar við Ánanaust, Sævarhöfða og í Garðabæ opnar frá kl. 08:00 á virkum dögum.

SORPA

SORPEYÐING HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs

Gufunesi • Box 12100 • 132 Reykjavík
Sími 520 2200 • Bréfasími 520 2209
www.sorpa.is



Fyrirmyndarfrágangur og brotinn pottur sem sýna tvær leiðir á umgengni okkar við húsín

Orlofshúsin

Göngum vel um eigur okkar!

Almennt hefur umgengni um orlofshús Eflingar og eldri félaganna verið góð á undanförmum árum. Flestir leigjendur skila húsunum hreinum og með þeim hætti sem ætlast er til. Góð umgengni, frágangur og viðskilnaður bera dvalargestum gott vitni um snyrtimennsku og háttvísi í umgengni við okkar sameiginlegu eigur.

Sem félagsmenn eigum við að sjálfsögðu að vera ánægð með þetta því sumarhúsin eru eigur okkar allra og þeim mun betur sem við göngum um því minna þarf að leggja í viðhald og kostnað sem skilar sér væntanlega í lægri leigu.

En því miður gildir þessi góða umgengni ekki um alla dvalargesti húsanna. Nokkur brögð hefur verið að því, sérstaklega síðustu tvo vetur, að umgengni og viðskilnaður við húsín hefur verið ábótavant. Það lýsir sér einkum í því að fólk hefur ekki þrifið eftir sig eins og það á að gera, skilið eftir matarleifar í ískáp,

gleymt fatnaði og fleira þess háttar. Þá eru því miður nokkur tilvik, fá sem betur fer, um að skemmdir hafa verið unnar í húsunum, t.d. hafa húsgögn verið brotin og heitu pottarnir verið skemmdir. Nú í vor verður að skipta um fjóra heita potta eftir þennan vetur. Það er að sjálfsögðu óverjandi og þeir sem það gera eru látnir borga viðgerðina.

En þeir fjármunir og sú vinna sem fylgir slíku, er betur varið í að gera góð hús betri. Þá skal það áréttað að þeir sem taka húsín á leigu bera alla ábyrgð á húsunum. Þetta á við hvort sem þeir eru valdir að skemmdum eða gestir þeirra. Í þeim tilvikum sem fólk tekur hús á leigu og lánar það öðrum, t.d. barni sínu, vini eða öðrum er það eftir sem áður ábyrgt ef skemmdir verða á húsunum.

Það er því mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og kappkosti að ganga vel um húsín, skila þeim hreinum og í alla staði eins og við viljum koma að þeim.

Það er göfugt að gróðursetja

Takið börnin með í Heiðmörk 26. maí



Fagurt í Heiðmörk

Eins og skýrt hefur verið frá í fréttablaðinu fóru nokkir félagar úr Eflingu í gróðursetningarferð í Heiðmörk 5. júní sl. sumar. Vann hópurinn rösklega að gróðursetningu í reit félagsins í um þrjá klukkutíma og setti niður tugi plantna. En gróðursetning er ekki áhlaupaverk sem unnið er á nokkrum klukkutímum heldur það vinna það skipulega og af eljusemi. Ekki þarf að efast um það að margir félagar Eflingar eru með “grænar,, hendur og áhugasamir um skógrækt og ætti því að auðvelt verk að planta í reitinn okkar plöntum sem með tíð og tíma

verður að fallegum skógi fyrir félagsmenn framíðarinnar að hugsa um og njóta.

Laugardaginn 26. maí n.k. verður farin skógræktarferð í Heiðmörk. Það er von okkað að sem flestir félagar komi og taki þátt í skemmtilegu verkefni. Fólki er hvatt til að koma með börnin með og gera þetta að fjölskylduferð. Félagið mun sjá um nestið og annað sem til þarf við gróðursetninguna.

Takið laugardaginn 26. maí frá fyrir fjölskylduna og fjölmennum til gróðursetningar í Heiðmörk.

Starfsfr.nefnd



Margrét Auðunsdóttir

1. maí er tákn um baráttu verkafólks

**- segir Margréti Auðunsdóttir
fyrirverandi formaður Sóknar**

Það á vel við á baráttudegi launafólks að birta viðtal við Margréti Auðunsdóttur, fyrirverandi formann Starfsmannafélagsins Sóknar. Margrét var í forystu félagsins á árunum 1956 – 1972 eða samfelldt í 16 ár og þekkt af dugnaði og festu í störfum sínum fyrir Sókn og verkalyðshreyfinguna. Margrét er nú 94 ára og dvelst nú á Elli- og Hjúkrunarheimilinu Grund þar sem hún segir að sér líði afar vel. Hún tók tíðindamanni Fréttablaðs Eflingar vel þegar hann leit inn til hennar skömmu fyrir 1. maí og rifjaði hún upp í byrjun hvernig hún hefði dregist inn í félagsstarfið í Sókn í upphafi.

Það var árið 1952 þegar ég var að vinna í eldhúsinu á Landsspítalanum að fulltrúi Alpýðu-

sambands Íslands, Jón Hjálmarsson, kom á vinnustaðinn til að fá stúlkurnar til að ganga í Sókn. Og þegar hann kom loksins til mín þá hugsa ég með mér það væri nú gaman að fylla út inngöngubeiðnina og sjá hvernig Jóni Sigurðsyni sem þá var framkvæmdarstjóri ASÍ yrði við. En hann þekkti mig og vissi að ég var nokkuð róttæk í skoðunum hvað pólitík varðaði og þótti ekki mjög leiðtóm.

En svo var það eiginlega deila sem kom upp eftir ansi hart verkfall rétt fyrir jólin 1952 sem varð þess valdandi að ég fór að taka meiri þátt í kjarabaráttu. Þessi deila snerist um hvort hægt væri að skylda starfsfólkið á spítölunum til að taka fæði á vinnustaðnum og draga síðan kostnaðinn af laununum eða að það fengi sjálft að ráða því hvort það tæki fæðið og sú varð niðurstaðan. Þannig að fullnaðarsigur vannst og ég var nokkuð sátt við mína framgöngu í þessum deilum.

Nú er það þannig að fólk kaupir sér matarmiða í mötuneytunum. Upp frá þessu myndaðist stuðningshópur um mig og það var eiginlega hann sem ákvað að ég gæfi kost á mér í formannsstarfið í Sókn 1956. Ég var eiginlega ekkert spurð að því og í þessu starfi var ég til ársins 1972.

Hvernig var verkalyðsbaráttan á þessum árum?

Ætli grundvöllurinn að öllum erfiðleikunum sem eru í dag hafi ekki verið lagður á þessum tíma með of miklum pólitískum afskiptum af samningum. Mér sýnist að það sé ekki hægt að gera kjarasamning án þess að ríkisvaldið þurfi að koma þar að á einhvern hátt. En þetta voru miklir átakatímar innan verkalyðshreyfingarinnar og hart deilt um skipulagsbreytingar. Þannig var að hinir pólitísku foringjar fóru til Noregs 1958 til að kynna sér skipulagsmál hjá verkalyðshreyfingunni og fá ráðleggingar og komu síðan með nokkrar tillögur til baka. Þar á meðal var tillaga um að sameina starfsgreinar sem tengdust á einhvern hátt í stærri einingar og hugsanlega að leggja einhver félög niður. En þá risu konur upp og andmæltu kröftuglega þannig að pólitíkusarnir réðu ekki við neitt og urðu að gefa sig.

Svo voru oft mikil átök í kjarasamningaviðræðum en við skulum ekkert vera að rifja það upp núna. Það er svo langt mál.

Eru 1.maí hátíðarhöldin þér ekki minnisstæð frá þessum árum?

Ekki get ég sagt það. Ég var oft að vinna við merkjasölu og svoliðis en 1. maí hefur auðvitað mikla þýðingu fyrir mig sem tákni um baráttu verkalyðsins. Fyrsta gangan sem ég fylgdist með var árið 1924 og ég man vel eftir henni. Svo fór ég á útifund og hlustaði á Héðin Valdimarsson sem var mjög eftirminnilegur maður. Seinna komu fram á sjónarsviðið fleiri eftirminnilegir menn eins og Hannibal Valdimarsson forseti ASÍ Eðvarð Sigurðsson formaður Dagsbrúnar og Björn Jónsson forseti ASÍ.

Þú varst í fullri vinnu með formannsstarfinu hvernig gekk það?

Það er eins og það geti ekkert þrífist hér nema verslun og álver. Hér var komin blómlegur iðnaður og stór frystihús risu út um allt land en núna sýnist mér þetta vera allt á niðurleið



Ágætlega. Það var hringt í mann í vinnuna og heim en einhvern veginn gekk þetta. Starfsemi félagsins var náttúrulega töluvert minni þá en svo fór að fjölga í Sókn með tilkomu leikskóla og heimaþjónustu og síðustu þrjú árin var ég í hálfu starfi sem formaður. Þetta hefði ekki gengið nema af því að samstaðan í félaginu var alveg frábær.

Fylgist þú með fréttum af verkalyðshreyfingunni?

Já, ég geri það og mér líst ekki nógu vel á ástandið í atvinnumálum hjá okkur. Það er eins og það geti ekkert þrífist hér nema verslun og álver. Hér var komin blómlegur iðnaður eins og járníðnaður og frystihús risu út um allt land en núna sýnist mér þetta vera allt á niðurleið. Fiskurinn er unninn úti á sjó og jafnvel seldur óunninn úr landi. Þetta er ekki góð þróun.

Hvernig líður þér á Grund?

Alveg ljómandi vel. Það er ekki hægt að hugsa sér það betra. Ég er níutíu og fjögurra ára og við góða heilsu þannig að ég kemst allra minna ferða og get tekið þátt í flestu sem hér fer fram.

Vaka



Eflingarfélagar á faraldsfæti í allt sumar

Ferðatilboðin hittu í mark!

Um 400 manns í skipulögum ferðum félagsins - nokkur laus sæti í Þórsmörk og að Eiðum

*Vignir verkafélagsforingi
vissi ekki af Exton
Þess vegna á hann mjög erfitt
með að ná til fólksins*

Heyrumst

EXTON

Skipholt 11-13
105 Reykjavík
Sími-hljóðleiga
552 8083
Sími-ljósaleiga
551 2555
Fax: 562 6490
Netfang: exton@exton.is
www.exton.is

EXTON hljóðleiga

Ferðanefnd Eflingar-stéttarfélags ákvað að fjölga ferðum sumarsins miðað við reynsluna frá síðasta sumri en þá þurftu margir frá að hverfa því eftirspurn í ferðir félagsins var í mörgum tilvikum langt umfram framboð ferðanna.

Innritun hefur nú verið í fullum gangi í nokkrar vikur og eru flestar ferðirnar fullbókaðar. Ferð fyrir eldri félaga í maí til Benidorm er fullbókuð og biðlisti. Þá eru ferðirnar um Alpana fullbókaðar og komnir biðlistar. Ferð í Þórsmörk er að verða vel bókuð og einnig er ferð um Jónsmessuna á Vestfirði fullbókuð og komnir biðlistar.

Ferð félagsins á Austfirði, sem er lengsta ferðin innanlands í sumar er svo fyrirhuguð í lok júlí og er hún að verða fullbókuð. Þetta þýðir að rétt um 400 manns mun njóta afsláttarkjara og vandaðs undirbúnings Eflingar-stéttarfélags á sumri komanda.

Mjög margir ferðafélagar eru ánægðir með ferðir félgsins sem efnt hefur verið og binda miklar vonir við áframhald á slíkum ferðum.

Erlendir starfsmenn hjá Mylluni-Brauði hf

Skemmtilegt og lærdómsríkt námskeið

Nú stendur yfir í Myllunni námskeið fyrir erlenda starfsmenn í Myllunni-Brauði hf. Námskeiðið er samstarfsverkefni Starfsafls og fyrirtækisins en Ingibjörg Hafstað hjá fyrirtækinu Fjölmanning og Guðrún Halldórsdóttir hjá Námsflokki Reykjavíkur sjá um gerð náms-efnis og undirbúning námskeiðsins. Kennslan fer fram á tveimur stöðum í Skeifunni þar sem Námsflokkar Reykjavíkur sjá um kennsluna og hjá Fjölmenningu á Lynghálslar þar sem við hittum Ingibjörgu við kennslu á námskeiðinu fyrir nokkrum dögum. Við notuðum einnig tækifærið og ræddum við nokkra erlenda starfsmenn um námskeiðið, en þeir koma frá Tælandi og Filippseyjum.

Ingibjörg var beðin að segja okkur hvernig námskeiðið væri byggt upp.

Ég reyndi að búa til starfstengt námskeið í íslensku þannig að það sýndi veruleikann á vinnustaðnum og fólk gæti notað málið strax. Þess vegna tengist námsefnið Myllunni- Brauði bæði í texta og myndum.

Námskeiðið hófst á því að allir þátttakendur fóru í próf sem fólst í því að skoða myndir af algengum atburðum og athöfnum á vinnustaðnum til að athuga hvað erlendir starfsmenn skildu mikið í málinu og niðurstaðan varð sú að þessi hópur virtist vera nokkuð samstæður hvað kunnáttuna varðar þannig að það er hægt að nota sama kennsluefnið fyrir allan hópinn.

Íslenskir starfsmenn taka virkan þátt

Kennslan fer þannig fram að við skoðum myndir af atburðum og athöfnum og ræðum málín og svo förum við um vinnustaðinn og skoðum sömu atburði og framkvæmum sömu athafnir og höldum áfram að ræða málín. Stór þáttur í þessu er að íslensku starfsmennirnir taka virkan þá í að tala við fólkið og aðstoða á



Pix



Pix

allan annan hátt sem óskað er eftir. Síðasti hluti námskeiðsins mun fjalla um stéttarfélagið og hvaða réttindi þau hafa þar.

Vinnueftirl ríkisins



Mjög gaman

- *segir Nida Baya Ladion* sem vinnur við allskonar þrif hjá fyrirtækinu og sagði að sér þætti mjög gaman á íslenskunámskeiðinu og að hún væri búin að læra mjög mikið í íslensku sem mundi auðvelda henni öll samskipti við íslenska samstarfsmenn sína og að Ingibjörg kennari væri frábær.



Skemmtilegt

- *segir Sunanta Phonman* sem vinnur við að pakka brauði. Hún sagði að námskeiðið væri nýbyrjað en samt væri hún búin að læra svolítið í íslensku í viðbót við það sem hún kunni áður og að sér þætti námskeiðið skemmtilegt.



Meiri orðaforði

- *segir Jariya Tvanjit* sem vinnur líka við pökkun á brauði. Henni finnst námskeiðið vera nokkuð gott og sagði að hún eigi áræðanlega eftir að bæta miklu við orðaforða sinn og að það auðveldaði henni að tala við samstarfsfólkið og að hafa önnur samskipti í daglega lífinu.

Tala við fólkið í búðinni

- *segir Preeyaporn Wittayakit* sem vinnur við að pakka brauði og sagði að sér þætti mjög gaman á þessum stutta tíma sem námskeiðið hefði staðið og vonaðist til að læra það mikið í íslensku að hún gæti talað við fólkið úti í búð og íslenskar vinkonur sínar.



Auðveldar samskiptin

- *segir Panemilfo Melendres* sem vinnur við að pakka brauði. Hann hefur verið hjá Námsflokkum Reykjavíkur að læra íslensku og að það væri mjög gott að fá íslenskunámskeið á vinnustaðinn. Það mundi öruggleg auðvelda honum öll samskipti við íslendinga bæði í vinnunni og annars staðar.



Z brautir

Ný stjórn í Eflingu

Stjórnarmönnum fækkar úr 25 í 21



Pix

MYNDLISTASKÓLINN
 THE REYKJAVÍK SCHOOL OF ART

Í R E Y K J A V Í K
 HRINGBRAUT 121 • 107 REYKJAVÍK • SÍMI 551 1990

Vor- og sumarnámskeið í maí

Námskeið í fullorðinsdeildum 16. - 30. maí.

 Módelteikning-byrjendur, módelteikning-frh.,
 málun-frh., vatnslitir, leir.

 Kennt verður 16. 17. 21. 22. 23. 28. 29 & 30. maí,
 kl. 17:30 - 21:25. Alls 40 kennslustundir.

í júní

Námskeið í barna-og unglingadeildum:

Vikunámskeið, 20 kennslustundir hvert.

Fyrir 6-10 ára og 10-12 ára:

5.- 8., 11.- 15., 18.- 22. og 25.- 29. júní.

Fyrir 13-16 ára:

5.- 15. og 5. 7. 11. 12 & 14. júní.

 Nánari upplýsingar og innritun á skrifstofu skólans,
 símar 551 1990 og 551 1936.

 Opnunartími mán.- fim. 14-18 og fös. 14-17.
www.myndlistaskolinn.is

Samkvæmt lögum og bráðabirgðaákvæðum Eflingar-stéttarfélags og Iðju, félags verksmiðjufólk skipuðu 25 manns stjórn félagsins en á aðalfundi félagsins í maí fækkar nú stjórnarmönnum um fjóra. Á tveimur árum hefur stjórnarmönnum fækkað samkvæmt lögum og bráðabirgðaákvæðum úr 32 í 21.

Um leið og fækkun fer fram fækkar stjórnarmönnum sem jafnframt eru starfsmenn Eflingar. Talið hefur verið æskilegt að endurnýjun í stjórn félagsins verði eins mikið og kostur er af vinnustöðum félagsins.

Tillaga uppstillinganefndar að varaformanni, ritara og nú meðstjórnendum var samþykkt einróma í trúnaðarráði. Listinn var síðan sjálfkjörinn þar sem ekki kom fram annar listi til stjórnarkjörs í félaginu.

Stjórnin er þannig skipuð til aðalfundar 2002.

Aðalmenn

1. varaformaður

Pórunn Sveinbjörnsdóttir

ritari

Hjördís Baldursdóttir

meðstjórnendur

Jónína Sigurðardóttir
Snorri Ársælsson
Ingibjörg B. Sveinsdóttir

Rannveig Gunnlaugsdóttir
 Þorsteinn M. Kristjánsson
 Sigríður Einarsdóttir
 Hannes Ólafsson
 Jón S. Pétursson
 Vilhjálmur Bragason

Þeir sem sitja áfram frá síðasta ári eru

Formaður
 Sigurður Bessason
 2. varaformaður
 Guðmundur Þ Jónsson
 gjaldkeri
 Ingunn Þorsteinsdóttir
 meðstjórnendur
 Hildur Kjartansdóttir
 Þorbjörg Kristjánsdóttir
 Kristín Jónatansdóttir
 Viðar Ottesen
 Ragnar Ólason
 Símon Gunnarsson
 Þuríður Ingimundardóttir

Vantar

Pix



SAUMAKLÚBBAR • VINIR • VINNUFÉLAGAR

DEKURDAGAR FYRIR HÓPA 5 EÐA FLEIRI.

BJÓÐUM UPP Á:

KRÖFTUGA HÚÐBURSTUN, SLAKANDI ILMOLIUNUDD
 HEATWAVE HITAKLEFA, EUROWAVE, LJÓS
 LITUN OG PLOKKUN EÐA FÖRÐUN OG
 LEIRMASKI Á ANDLIT.

**ALLT ÞETTA Á AÐEINS
 3.900.- kr Á MANN**

TILBOÐ 1

10 X EUROWAVE RAFNUDD
 10 X HEATWAVE HITAKLEFI
 5 X HLJÓÐBYLGJUR
 (G-5 NUDD INNIFALIÐ)

VERÐ: 15.900.-

TILBOÐ 2

20 X EUROWAVE RAFNUDD
 20 X HEATWAVE HITAKLEFI

VERÐ: 9.900.-

ATH: Tilboðin fylgja 3 ljósritum.

ATH: BREYTTUR OPNUNARTÍMI: 9-20 MÁN. - FIM. 9-18 FÖS. • 10-14 LAU.

Fyrir þróunina í
 Eurowave
 og hitaklefa



Starfsfólk í fataiðnaði var lengi stærsti hópurinn innan Iðju. Myndin er tekin í saumastofu Últíma í byrjun sjöunda áratugarins

Einn taxti fyrir karla - annar fyrir konur og unglinga!

eftir Ingólf V. Gíslason

Einn launataxti fyrir karla, annar fyrir konur og unglinga! Fæstum líst trúlega vel á þá hugmynd. En þannig var veruleikinn stóran hluta af 20. öldinni. Þegar t.d. félög eins og Iðja, félag verksmiðjufólks, gekk frá sínum fyrstu samningum árið 1935 þá var einn taxti fyrir fullorðna karla og annar fyrir konur og „karla yngri en 18 ára.“ Þannig var ástandið fram á sjötta áratuginn þegar heldur var tekið að skera á milli kvenna og unglingsstráka og voru konurnar síðan ívið hærri þar til felldir voru niður sérstakir kvennataxtar.

Sárindi

Hér skipti engu þótt unnið væri hlið við hlið við sömu vinnu. Ef til vill fólst vinnan í því að bera börur, karlinn á öðrum endanum, konan á hinum. Hann með 100 krónur, hún með 50 krónur. Ég spurði eitt sinn eina af þeim sem viðriðnar voru stofnun Iðju hvort þetta hefði ekki verið sárt. Hún þagði um stund og svaraði

svo: „Jú, víst var það sárt, oft grét maður af reiði.“

Áhugaleysi Alþingis

Áratugum saman var það baráttumál verkalyðshreyfingarinnar að afnema þessa sérstöku kvennataxta, að afnema þá svívirðu að konur fengju lægri laun, einvörðungu sökum þess að þær voru konur. En það var á brattan að sækja, ekki var áhugi hjá atvinnurekendum að leiðrétta muninn og margoft voru frumvörp um málið felld eða svæfð á Alþingi Íslendinga.

Það var líka tekist á við hefðbundin og rötgróin viðhorf um fyrirvinnuhlutverk karla. Halldóra Ó. Guðmundsdóttir tók oft þátt í samningagerð á 20. öldinni. Hún sagði að eitt sinn þegar krafan um sömu laun fyrir sömu vinnu var uppi á borðum hafi sáttafari andmælt. Hann hafi sagt að krafan væri óréttlát því samkvæmt íslenskri löggjöf bæri karlmanninum að sjá fyrir konunni!

Afnám kynbundinna launataxta

Sigur vannst loks á sjöunda áratug aldarinnar. Verkakonur í Alþýðuflokknum gerðu það að skilyrði fyrir stuðningi við Viðreisnarstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks að Sjálfstæðisflokkurinn styddi frumvarp um sömu laun fyrir sömu vinnu. Það gekk eftir. En ekki höfðu menn þó manndóm í sér til að drífa þetta af. Sex ára aðlögunartími var gefinn en

um miðjan sjöunda áratuginn var loks búið að afnema kvennataxta.

Samt er munur

En björninn var ekki unninn. Þó svo engin fullorðin kona þurfi í dag að búa við þá niðurlægingu að vinna á unglingataxta þá sýna hver könnunin á fætur annarri að enn viðgengst hérlandis að konur fái lægri laun en karlar fyrir störf sín. Enn er það svo að um 12% launamunur er á kynjunum sem eingöngu verður skýrður þannig að konum sé borgað minna fyrir sömu störf. Það er því verk að vinna.

Ábyrgðin á börnunum

Verkalýðshreyfingin hefur líka ráðist til atlögu við það sem að öllum líkindum er meginforsenda þessa kynbundna launamunar. Þegar atvinnurekendur og stjórnendur hérlandis og erlendis eru spurðir að því hvernig þeir meti karla og konur þá gengur eins og rauður þráður í gegnum svör þeirra að konur séu annars flokks vinnuafl. Og þær eru annars flokks vinnuafl sökum þess að ábyrgðin á heimili og börnum hefur fram að þessu fyrst og fremst verið þeirra. Þetta er meginástæða þess að ungkar konur í austurhluta Þýskalands hafa unnvörpum gripið til þess ráðs að gangast undir lækniaðgerð þannig að þær geti ekki átt börn. Með vottorð um þessa aðgerð upp á vasann er mun auðveldara fyrir þær að fá vinnu.

Svipuð staða hefði alveg getað komið upp hérlandis. En til allrar hamingju var ákveðið að reyna annað. Það var ákveðið að reyna að gera það sem karlar og konur segjast vilja gera, að deila gleði og sorgum lífsins, byrðum þess og ánægju. Það var ákveðið að gefa körlum og konum færi á að kynnast betur hefðbundinni reynslu hvors annars og auka gildi barna, fjölskyldu- og heimilislífs.

Fæðingarorlof

Allt þetta er falið í hinum nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem Alþingi samþykkti fyrir tæpu ári. Það er ekki hvað síst baráttu og þrýstingi alþýðusamtaka landsins að þakka að þessi lög urðu jafn góð og raun ber vitni. Þau eru enn eitt framlag verkalýðshreyfingarinnar í baráttunni gegn misrétti almennt og kynjamisrétti sérstaklega. Þau eru framhald þeirrar baráttu sem tekin var upp á verkalýðsráðstefnu 1930 þegar reist var krafa um launajöfnun kynjanna.

Þeir sigrar sem unnist hafa í þeirri baráttu eru ekki hvað síst sigrar verkalýðshreyfingarinnar. Raunar á það við um alla megináfanga í félagslegum réttindum á Íslandi að þeir eru tilkomnir vegna kröfu verkalýðsfélaga. Það gildir einnig um fæðingar- og foreldraorlof.

Ingólfur V. Gíslason er sagnfræðingur



Frá samsetningarsal Raftækjaverksmiðju Hafnarfjarðar. Myndin er frá 1961

Námsfl. rvík



Tveir fyrir einn á stéttarfélagssverði

Afsláttarverð fyrir gistingu 2001

Ferðanefnd stéttarfélaganna hefur gert samkomulag um stéttarfélagssverð á hótलगistingu fyrir félagsmenn aðildarfélaganna á árinu 2001

Hótel Edda

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 48 klst. Verð samkvæmt verðlista fyrir eins manns herbergi er kr. 4.500. Morgunverður er ekki innifalinn. Misjafnt er hvenær Edduhótelin opna að sumri til, hafið samband beint við viðkomandi hótel. Framvísa ber stéttarfélagsskræini.

Edda Laugarvatn

Sími: 486 1118 486

Edda Laugar í Sælingsdal

Sími: 434 1265

Edda Núpur

Sími: 456 8222

Edda Laugarbakki

Sími: 451 2904

Edda Húnavellir

Sími: 452 4370

Edda Pelamörk

Sími: 462 1772

Edda Akureyri

Sími: 461 1434

Edda Stórutjarnir

Sími: 464 3240

Edda Eiðar

Sími: 471 3803

Edda Egilsstaðir

Sími: 471 2775

Edda Nesjaskóli

Sími: 478 1470

Edda Neskaupsstaður

Sími: 477 1331

Edda Skógar

Sími: 487 8870

Stéttarfélagssverð á vegum FÍ innanlands

Munið stéttarfélagssverðið í sumar á vegum Flugfélags Íslands.

Frá Reykjavík				
Báðar leiðir		BL	SK	SAMT
Akureyri	AEY	9.500	330	9.830
Egilsstaðir	EGS	9.500	330	9.830
Höfn	HFN	9.500	330	9.830
Ísafjörður	IFJ	9.500	330	9.830
Vestmannaeyjar	VEY	7.800	330	8.130

Fjölskyldufólki er veittur sérstakur afsláttur en ef tveir fullorðnir ferðast saman á stéttarfélagsfargjaldi með börn 2-12 ára, þá borga börn-

in hálf barnafargjald.

Sölustaðir Flugfélags Íslands sjá um sölu á ofangreindum áfangastöðum. Einnig er hægt að panta farmiða og greiða hann í gegnum síma með greiðslukorti.

Samningurinn í sumar gildir ekki frá sunnudegi vikuna fyrir frídag verslunarmanna þar til á sunnudegi eftir Verslunarmannahelgi.

Kaupa skal farseðil báðar leiðir og er fargjaldið fyrir félagsmenn aðildarfélaganna og fjölskyldur þeirra. Allir í fjölskyldunni verða að ferðast saman báðar leiðir.

Bóka verður í síðasta lagi fimm dögum fyrir brottför.

Nánari upplýsingar eru að finna á vefsíðum stéttarfélaganna, ASÍ og vefsíðu Flugfélags Íslands. www.flugfelag.is

Fosshótel

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 24 klst. Vinsamlega tilkynnið við bókun að um stéttarfélagssverð sé að ræða. Morgunverður innifalinn. Verð kr. 5.100 (án baðs) og 7.200 (með baði). Gildistími er misjafn, hafið samband beint við viðkomandi hótél. Framvísa ber stéttarfélagsskírteini.

Fosshótel Bifröst í Borgarfirði

Sími: 435 0005

Fosshótel Stykkishólmur við Borgarbraut

Sími: 430 2100

Fosshótel Eyjaferðir Aðalgötu í Stykkishólmi

Sími: 438 1450

Fosshótel Áning Sauðárkrók

Sími 453 6717

Fosshótel Laugum Húsavík

Sími: 464 3340

Fosshótel Hallormsstað Egilsstöðum

Sími: 471 1705

Fosshótel Valaskjálff Egilsstöðum

Sími 471 1000

Fosshótel Reyðarfjörður

Sími: 474 1600

Fosshótel Vatnajökull

Sími: 478 2555

Lykilhótel

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 48 klst. Gildir eingöngu fyrir tveggja manna herbergi. Verð er misjafnt eftir hótélum og tímabilum, hafið samband beint við viðkomandi hótél. Framvísa ber stéttarfélagsskírteini.

Lykilhótel Cabin í Reykjavík

Sími: 511 6030

Lykilhótel Örk í Hveragerði

Sími: 483 4700

Lykilhótel Valhöll á Þingvöllum

Sími: 482 2622

Lykilhótel Norðurland á Akureyri

Sími: 462 2600

Lykilhótel Mývatn á Mývatni

Sími: 464 4455

Orlofsuppbót

Efling-stéttarfélag minnir félagsmenn sína á að nú fer að líða að greiðslu orlofsuppbótar.

Orlofsuppbót er ekki orlof heldur eingreiðsla sem skal greiða starfsmönnum, og er misjöfn eftir starfstíma og vinnustað.

Leitið upplýsinga og hringið í félagið í síma 510-7500

Alltaf óðýrast



ÞAÐ MUNAR UM MINNA

Tölvuskóli Reykjavíkur

Námskeið fyrir eldri Eflingarfélaga



Skipholts apótek

Nýr þáttur í samstarfi Eflingar og Tölvuskóla Reykjavíkur er skipulagning á sérstökum tölvunámskeiðum fyrir eldri félaga í Eflingu. Verð 12 stunda námskeiða er aðeins 12.000 kr. sem er þriðjungsafsláttur frá fullu verði.

Námskeiðið er skipulagt þannig að allir þeir sem mögulega eiga aðgang í fræðslusjóði Eflingar geta sótt þangað styrk fyrir hluta námskeiðsgjalda, en til að eiga mögulegan styrk þarf að hafa verið í einhverri vinnu á sl. 12 mánuðum. Að þessu tilefni sendi Efling út bréf til kynningar á náminu til þeirra 550 félagsmanna sem eru orðnir 67 ára eða eldri og hafa verið við einhverja vinnu s.l. 12 mánuði.

Námskeiðið er hinsvegar opið öllum Eflingarfélögum sem orðnir eru 67 ára en þeir sem ekki geta sótt um niðurgreiðslu til fræðslusjóða félagsins þurfa að greiða fullt gjald sem er 12.000 krónur.

Fyrstu námskeiðin fóru fram í byrjun apríl en ef áhugi verður fyrir hendi verður nýtt námskeið nú í maí, nánar tiltekið 15., 17., og 22. maí. Kennslan er miðuð við algera byrjendur og kennt verður á grundvallar stýrikerfi tölvunar ásamt því að kenna á ritvinnslu, internetið og tölvupóst. Kennt er í alls 12 stundir og er hægt að skrá sig hjá Tölvuskóla Reykjavíkur í síma 561-6699.

Á tölvunámskeið fyrir eldri félagsmenn

Nytsamlegra en að leggja kapal

- segir Ósk Bjarnadóttir



Pix

Ósk Bjarnadóttir er eldri félagsmaður í Eflingu og er að fara á tölvunámskeiði í Tölvuskóla Reykjavíkur? Efling sendi á dögunum bréf til eldri félagsmanna og bauð þar upp á byrjendanámskeið í tölvum. Ósk var spurð af hverju hún ætli að skella sér á námskeiðið

Það er þannig að til er tölva á heimilinu og mér fannst rétt að nota þetta tækifæri sem Efling er að bjóða okkur. Ég ákvað ég að skella mér og læra eitthvað meira en að leggja kapal

eins og ég hef gert fram að þessu.

Er einhver sérstök leikni sem þú hyggst ná?

Ég vona að ég komist upp á lag með að nota tölvuna meira t.d. við skriftir og eins að prenta út.

Hefurðu áður farið á tölvunámskeið ?

Já, ég fór á námskeið í fyrra sem var fyrir trúnaðarmenn félagsins en varð að hætta eftir fyrsta daginn af persónulegum ástæðum. En nú er ég hætt að vinna vegna aldurs og hlakka mikið til að komast á þetta námskeið. Ef vel tekst til er aldrei að vita nema maður fari á fleiri námskeið. Það er gott að geta drepð tímann við tölvuna og ég á von á að þetta verði skemmtileg reynsla.



Nýtt barmmerki

Nýtt barmmerki Eflingar-stéttarfélags hefur verið framleitt. Það er í sama stíl og merki Eflingar sem notað hefur verið á öll prentgögn frá fyrstu mánuðum félagsins.

Merkið er hannað af Auglýsingastofunni 1, 2 og 3 sem annast hönnun fyrir Eflingar-stéttarfélag.

Félagsmenn geta fengið merkið á skrifstofu félagsins.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
Sími 568 6099 - Fax 568 6299

Hvað finnst þér um 1. maí???

Baráttudagur fyrir málstað verkafólks

Sex trúnaðarmenn Eflingar svara spurningunni...

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

vinnur við almennt gatnaviðhald hjá Gatnamálastjóranum í Reykjavík.

Mér finnst að það eigi að halda honum sem frídegi og baráttudegi verkalyðsins eins og hann hefur verið.



Víðir Bjarnason

vinnur við átöppun í Málningarverksmiðju Slippfélagsins.

Mér líst bara vel á 1. maí. Dagurinn á að vera frídagur og baráttudagur verkalyðsins áfram.

Sigríður Hinriksdóttir

vinnur í Leikskólanum Seljaborg.

1.maí er mikilvægur dagur fyrir okkur og nauðsynlegur til að kynda undir málstað verkafólks.



Hlín Steinsdóttir

vinnur í eldhúsinu á Reykjalundi.

Mér finnst hann vera alveg nauðsynlegur til að minna á baráttu verkalyðsins fyrir bættum kjörum.



Oddvör Heradóttir

vinnur við þjónustu á Hótel Sögu.

Mér finnst allt í lagi að hafa hann áfram til að minna fólk á baráttu verkafólks. Ég er frá Færeyjum og hef spilað með lúðrasveit í kröfugöngum sem mér finnst mjög skemmtilegt.

Brynjólfur Kristínsson

vinnur við gæslu á Hlemmi hjá Strætisvögnum Reykjavíkur.


Hann á náttúrulega að vera frídagur eins og hann hefur verið fram að þessu.



Samkeppnisst

Eldri félagsmenn

Púsund manns á Broadway



Kaffiboð fyrir eldri Eflingarfélaga var fjöl-sótt eins og búist var við. Um 1000 félagar og gestir þeirra komu og áttu saman skemmtileg-

an eftirmiðdag. Staðurinn er góður eins og menn þekkja og engin þrengsli voru þrátt fyrir allan þennan fjölda. Á síðasta ári var samsætið haldið á Hótel Sögu en þá urðu mikil þrengsli auk þess sem margir þurftu frá að hverfa.

Það varð því að ráði að fá stærri húsakynni, enda komust allir að. Skemmtunin tókst í alla staði vel og fór þannig fram að Hljómsveitin Kjarnar lék fyrir gesti áður en að veitingarnar voru bornar fram. Ólafur Kjartan Sigurðarson óperusöngvari söng við píanóleik Jónasar Ingimundarsonar, leikarnir Karl Ágúst Úlfsson og Örn Árnason fóru með gamanmál og fengu okkar góðu gestir afar góðar viðtökur. Guðmundur Þ Jónsson stýrði þessu öllu af röggsemi eins og hans er von og vísa. Í lokin lék hljómsveitin fyrir dansi við miklar vinsældir viðstaddra.



Guðmundur Þ stýrði samkomunni af röggsemi...



Skemmtileg kvöldstund

Með Ingólfi V. Gíslasyni

Það tókst að draga nokkurn hóp karla á fund með Ingólfi V. Gíslasyni hjá Eflingu á dögnum þar sem hann fjallaði um jafnrétti kynjanna með sérstakri áherslu á stöðu karla. Eins og við var búist var þetta skemmtilegt og fróðleg kvöldstund með Ingólfi sem kom víða við í heimi karlanna í nútímanum og verður eftirminnilegt fyrir þá sem lögðu leið sína í Sætúnið þetta kvöld.



Teflon.is

Konur í karlastörfum

Góður starfsandi og hjálpsamir vinnufélagar

- segir Kristrún V. Þórðardóttir



Pix

VORTILBOÐ
AÐEINS KR.

9.900*

VEGGSPORT
Skvass & Heilsurækt
Stórhöfða 17, v. Gullinbrú · 577 5555 · 577 5566

* 3 mán. kort í skvass, erobikk, tæbó, spinning og tækjasalur.

Kristínu V. Þórðardóttir starfar hjá Tækja-deild Eimskips við akstur með gáma á hafnar-svæðinu í Sundahöfn. Hún er ein af konum í atvinnulífi okkar sem hefur tekið að sér störf sem áður flokkuðust eingöngu sem karlastörf. Fréttablað Eflingar spjallaði við hana um starfið, vinnufélagana, launin og fleira. Fyrst var hún spurð hvað hún hefði lengi haft þetta starf á höndum.

Ég hef unnið síðan sumarið 1999 sem tækja-stjóri við lestun og losun á skipum og keyri gáma um hafnar-svæðið eftir þörfum. Fyrst vann ég að þessu í afleysingum en svo var ég fastráðin núna um áramótin.

Hvernig taka vinnufélagarnir því að kona sé í svona „dæmigerðu“ karlastarfi?

Þeir taka því rosalega vel og starfsandinn hér á vinnustaðnum er er mjög skemmtilegur og ég get alltaf leitað til þeirra ef mig vantar eitt-hvað.

Hvernig er vinnutíminn?

Það er unnið á tvískiptum vöktum frá átta á morgnana til fjögur síðdegis og frá fjögur til miðnættis en ég vinna bara á seinni vaktinni fjóra daga vikunnar frá þriðjudegi til föstudags.

Ertu sátt við launin?

Já, miðað við launin sem ég hafði áður þá er þetta starf mjög vel borgað.

Hvað með framtíðina. Ætlaðu að vera áfram í þessu starfi?

Ég er í myndlistarnámi í Fjölbautaskólanum í Breiðholti og stefni á að læra arkitektúr þegar ég lýk stúdentsprófi eftir eitt ár en þangað til held ég áfram að keyra gáma um hafnar-svæðið í Sundahöfn.

Félagsmenn Eflingar hjá Reykjavíkurborg

Aukin réttindi en dregur úr rétti í Sjúkrasjóði

Í kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg sem undirritaður var 22. mars s.l. varð mikil aukning á veikinda- og slysarétti félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Veikinda- og slysaréttur borgarstafsmanna varð með kjarasamningnum sambærilegur við rétt annarra opinberra starfsmanna eða allt að 360 dagar (1 ár) á fullum launum.

Samhliða þessari miklu aukningu á réttindum starfsmanna borgarinnar, lækkar framlag borgarinnar til sjúkrasjóðs félagsins úr 1% af launum í 0,30%.

Vegna lækkunar framlags til Sjúkrasjóðs Eflingar munu styrkir til borgarstafsmanna taka breytingum þannig að nú dregur úr þeim rétti sem þessir félagsmenn eiga til tilsvareandi réttinda í sjóðnum og verða breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs hvað þennan hóp varðar kynntar á aðalfundi félagsins þann 10.maí næstkomandi.



Atli Gíslason aðstoðar fólk á hverju ári við skattframtölin með vösku samstarfsfólki

Efling

Mikið að gera í skattframtölum

Eins og jafnan áður var félagsmönnum Eflingar boðin aðstoð við gerð skattframtala og skráði sig allmikill fjöldi félagsmanna hjá skrifstofu. Það eru lögmenn og starfsmenn Lögmannsstofu Atla Gíslasonar sem veita þessa þjónustu fyrir Eflingu og var mikið annríki á skrifstofunni helgina sem þessi þjónusta var í boði.

Utfararstofa Íslands

Ráðstefna ASÍ

Umræða hafin um framtíð velferðar



Pix

Haldinn var fjölmenn ráðstefna um framtíð velferðakerfisins í Salnum Kópavogi 28. mars s.l. þar sem þar sem umræðefnið var um þörfina á þjóðarsátt um framtíðaruppbyggingu velferðakerfisins.

Fjallað var um lífeyrissjóðina, almannatryggingar og velferð, framfærslu og fátæktargildir, mismunandi velferðakerfi og að lokum nútíðavæðing félagslegra öryggisneta frá norrænu sjónarhorni einstakra þjóðfélagshópa og

misskiptingu. Margt góðra fyrirlesara voru á ráðstefnunni en í upphafi hennar flutti Davíð Oddson ávarp. Aðalgestur ráðstefnunnar var Joachim Palme frá Svíþjóð sem flutti athyglisvert erindi.

Með þessari ráðstefnu er vænst að hefjist markviss umræða um velferðakerfið og uppbyggingu þess. Hvert viljum við stefna er spurning sem brýnt er að leita svara við.

Framhald af síðu 19

keyptu líka allskonar leikföng til að gefa börnunum.

Eftir þetta ferðaðist ég um Hondúras og fór svo til Costa Rica og áfram til Nicaragua, Guatemala og fleiri staða. Það má eiginlega segja að síðustu sex mánuði af skiptinemaárinu hafi

ég verið á ferðalagi um Mið-Ameríku á milli þess sem ég var að vinna í sjálfböðavinnu á leikskóla í Hondúras.

Það var margt athyglisvert sem bar fyrir augu á þessum ferðum og ýmsar minjar skoðaðar, en það sem fékk mest á mig var að horfa upp á alla fátæktina sem blasti við alls staðar þar sem maður kom.

Lærði köfun í Hondúras

Síðan kom ég heim og fór að vinna í bensíninu hjá Olís til að fjármagna næstu ferð og nú mánuðum seinna hélt ég aftur af stað og nú var ferðinni heitið til Ástralíu og þar ferðaðist ég um í þrjá mánuði og fannst rosalega gaman. Þaðan fór ég aftur til Hondúras og út á eyju sem heitir Utila til að læra köfun og fékk réttindi sem kafari og vann við það í fimm mánuði. Síðan kom ég heim í desember síðastliðnum og byrjaði strax að vinna í bensíninu hjá Olís til að fjármagna næstu ferð sem verður væntanlega farin í haust til Asíu og byrjar í Thailandi og síðan langar mig mikið til að fara til Indónesíu og jafnvel Lagos og Vietnams en það verður bara að koma í ljós hvað verður.

Ævintýra flutningar

Tilviljanirnar hafa ráðið miklu



Framhald af síðu 14

Það er áhyggjuefni hvað gengur illa að fá fólk til starfa í hreyfingunni. Við viljum breyta þessu og einn liður í því er forystufræðsla fyrir væntanlega forystumenn innan Starfsgreinasambandsins, sem ég bind mikla vonir við. Ég vil efla hlut kvenna innan hreyfingarinnar en það er mín reynsla að það er mjög erfitt að fá konur til starfa. Nýverið héldum við ráðstefnu um jafna ábyrgð karla og kvenna í forystu stéttarfélagi og við munum halda áfram og reyna að virkja konurnar betur.

Sérðu fyrir þér frekari skipulagsbreytingar í verkalyðshreyfingunni?

Ég hafði áhuga á því að gera Flóann að félagi og hefði gjarnan viljað reyna það til þrautar. Ég sé fyrir mér að innan Starfsgreinasambandsins verði 10-15 félög eftir tiltölulega stuttan tíma. En það er mikil vinna, og reynir stundum á taugarnar, að halda þessum sameiginlega dampi. Ég er þeirrar skoðunar að stærðin sé styrkur en um leið gerir það miklar kröfur til forystunnar. Þá verður hreyfingin á hverjum stað að hafa ákveðinn og hæfan foringja. Það er lykilatriði að hann komi úr grasrótinni.

Það má ekki vanmeta reynsluna

Áttu góð ráð handa ungu fólki sem langar til að starfa innan verkalyðshreyfingarinnar?

Það á ekki að hika við að bjóða fram krafta sína og í dag eru miklir möguleikar á að mennta sig og þjálfa til félagsstarfa. Það verður jafnframt að gera sér grein fyrir því að reynslan er mikils virði og þetta eru ekki allt asnar sem fyrir eru! Ég vil því ráðleggja ungu fólki að vinna í félögunum, gera sér grein fyrir því að það tekur tíma að ná áhrifum en þau skila sér með því að vera jákvæður, taka tillit til þess sem er fyrir og ætla ekki að breyta öllu á einum degi.

Í ljónagryfjuna

Hvað ætlar þú að gera á 1. maí?

Þó ótrúlegt sé ætla ég að vera á þeim stað sem harðast gagnrýndi mig, á Húsavík. Þar ætla ég að flytja ræðu og hugsanlega fara til Kópaskers. Mér hefði þótt það undarlegt fyrir nokkrum mánuðum að vera boðið þangað. Sumir myndu segja að ég væri að fara í ljónagryfjuna en auðvitað erum við bestu félagar þó við höfum ekki verið sammála.

Viðtal: Sigrún S. Hafstein.



TÖLVUNÁMSKEIÐ

Þekking í þína þágu

www.tv.is

● Almenn námskeið

Windows 95/98, 9 kennslustundir
grunnnámskeið um stýrikerfi tölvu.

Windows, Word og Excel, 22 kennslustundir
námskeið fyrir þá sem vilja gott námskeið um helstu forritin og stýrikerfi tölvu.

Word ritvinnsla, 22 kennslustundir
yfirgripsmikið námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

Word II, 18 kennslustundir
námskeið fyrir notendur með mikla reynslu af ritvinnslu sem lokið hafa Word námskeiði.

Excel töflureiknirinn, 22 kennslustundir
vandað og gott námskeið um alla þætti töflureiknisins.

Excel II, 18 kennslustundir
námskeið sem aðeins er ætlað þeim sem kunna mikið í Excel og hafa unnið lengi við hann.

Access gagnagrunnurinn, 22 kennslustundir
yfirgripsmikið námskeið fyrir þá sem vilja læra á þennan öflugan gagnagrunn. Kennt að smíða kerfi frá grunni.

Outlook, 9 kennslustundir
yfirgripsmikið námskeið um verkefnayfirlit, dagbókar-skráningu, póstsendingar og gerð minnismiða.

PowerPoint, 13 kennslustundir
gagnlegt og skemmtilegt námskeið fyrir alla sem þurfa að útbúa kynningarefni, kenna eða halda fyrirlestra.

Internetið, 9 kennslustundir
byrjendanámskeið um vefinn og tölvupóst.

Vefsíðugerð I, 22 kennslustundir
grunnnámskeið um vefsíðugerð með FrontPage forritinu.

Vefsíðugerð II, 22 kennslustundir
skemmtilegt framhaldsnámskeið um FrontPage.

● Lengri námskeið

Windows 2000 netumsjón, 36 kennslustundir
netfræði, búnaður, Windows 95/98, Windows NT.

Kerfisfræði TV, 400 kennslustundir
eins árs yfirgripsmikið nám hefst í janúar og september.

Netumsjón í nútímarekstri, 120 kennslustundir
120 stunda nám fyrir verðandi netsérfræðinga.

Vefsíðugerð í nútímarekstri, 120 kennslustundir
Yfirgripsmikið nám fyrir þá sem vilja sjá um vef fyrir stofnafir og fyrirtæki. Ný námskeið í janúar og september.


Tölvuumsjón í nútímarekstri, 148 kennslust.
148 stunda kvöldnámskeið fyrir þá sem vilja verða færir tölvuotendur. Ný námskeið í janúar og september

● Góðar ástæður fyrir því að koma á námskeið okkar

Afsláttur til félagsmanna er 15% af styttri námskeiðum.
Simaaðstoð er innifalin í einn mánuð eftir námskeiði.
Góð staðsetning og **næg bílastæði**.
Öll **námssögð** og **veitingar** innifaldar í þátttökugjaldi.

Nánari upplýsingar á <http://www.tv.is>

Grensásvegi 16
108 Reykjavík
Sími: 520 9000
Fax: 520 9009
Netfang: tv@tv.is



pöntunarsími
5209000
Simanúmer sem gott er að muna!



Tölvu- og
verkfræðipjónustan

Vantar

Hægt er að fá eyðublöð heimsend eða koma á skrifstofu Eflingar

Efling-stéttarfélag

Mikilvægt að hvetja fólk til að ganga í félagið

Í Eflingu-stéttarfélagi er talsvert um að starfsmenn á vinnustöðum greiði í Eflingu en séu ekki félagsmenn. Samkvæmt lögum félagsins þarf að undirrita inntökubeiðni í félagið og koma henni til skrifstofu félagsins til að verða félagsmaður. Þeir sem helst hafa yfirsýn yfir þetta úti á vinnustöðum eru trúnaðarmenn félagsins og síðast en ekki síst sjálfir félagsmenn Eflingar. Mikilvægt er þeir séu meðvitaðir um

þessi mál og hvetji alla þá sem ekki eru félagsmenn en vinna eftir jarasamningum félagsins til að gerast félagsmenn í Eflingu.

Af hverju félagsmaður?

Það gætir stundum ákveðinnar tregðu og tómletis hjá fólki við því að gerast félagsmenn í stéttarfélögunum. Rétt er að benda á bæði þá miklu þjónustu sem félagsmenn eiga kost á auk þess að vera kjörgengur og hafa atkvæðisrétt varðandi samningamál og trúnaðarstöður í stéttarfélaginu.

Nokkur réttindi viljum við nefna til að minna á þetta.

- Greiðslur úr sjúkrasjóði – allt að 150 daga og 150 daga til viðbótar í alvarlegum veikindum.
- Greiðslur vegna sjúkraþjálfunar
- Fæðingarstyrkur
- Námsstyrkir
- Styrkir vegna krabbameinsskoðunar
- Dvöl í orlofshúsum eða leiga á tjaldvögnum
- Lögfræðileg aðstoð og framtalsaðstoð
- Félagsblað sex sinnum á ári og dagbók félagsins.

Hvetjum því alla sem ekki eru í félaginu til að gerast félagsmenn í Eflingu. Munið að það þarf að ganga frá skriflegri inntökubeiðni til að verða félagsmaður. Hægt er að fá eyðublöðin á skrifstofu Eflingar eða koma á skrifstofuna að Sætúni 1. Einnig er hægt að senda inntökubeiðni á faxi.

Munum að stærð er styrkur.

Ráðstefna Starfsgreinasambandsins

Um sameiginlega ábyrgð karla og kvenna



Þær Þorbjörg Kristjánsdóttir, Þuríður Ingimundardóttir, Rannveig Gunnlaugsdóttir og Sigríður Einarsdóttir sóttu ráðstefnu um sameiginlega ábyrgð karla og

kvenna á Akureyri og smelli Kristján Bragason hjá Starfsgreinasambandinu, sem gekkst fyrir ráðstefnunni þessari mynd af þeim Þorbjörgu, Þuríði og Rannveigu.

Félagsmenn Eflingar

Máttarstólpur umönnunarstarfa

Merkilegar upplýsingar komu fram á ráðstefnu um menntun heilbrigðisstétta og mannaflaspár heilbrigðisþjónustunnar sem fram fór 3. apríl sl. Fram kom í erindi Önnu Birnu Jensdóttur, hjúkrunarframkvæmdastjóra að ófaglært fólk á hjúkrunarheimilum eru sannkallaðir máttarstólpur í umönnunarstörfum á hjúkrunarheimilum.

Í nýlegri könnun Ríkisendurskoðunar frá mars 2001 á raunmönnun gagnvart 467 öldruðum einstaklingum í hjúkrunarrýmum á 5 hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu árið 1999, kemur fram að af þeim 5,24 hjúkrunar-klukkustundum sem hver aldraður fær á sólarhring er 1,02 klukkustund veitt af hjúkrunarfræðingi, 1,07 klukkustund af sjúkraliða og 3,15 klst af ófaglærðum starfsmanni.

Aðrir þjónustuaðilar læknar, sjúkraþjálfun og fleira mælist einvörðungu í mínútum á sólarhring eða réttarasagt á viku samkvæmt RAI-mati. Ófaglærðir eða starfsmenn án fagmenntunar en þó með nokkur námskeið ynnu því af hendi meirihluta þeirrar þjónustu sem veitt er undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðinga.

Af þessu má ráða hversu mikilvægir þessir starfsmenn eru í umönnunarstörfum og afar brýnt að auka menntunarmöguleika þeirra eins og með væntanlegri félagsliðabrotum sem er sérstök að umönnunarstörfum. Tíð mannaskipti

Sjúkrahús

Pix

segja líka til um að launakjör þessa mikilvæga starfsmannahóps eru í hrópandi ósamræmi við að þeir skuli halda uppi öldrunarþjónustunni.

Nú er unnið að því að bæta ímynd umönnunarstarfa og er það þarft mál. Mikilvægt er að fjármálaráðuneytið endurmeti þessi störf í ljósi þess hve veigamikil þau eru og hversu illa gengur að manna þau eins og er.

Framhald af síðu 6

ára aldur og hvaða undanþágur muni gilda vegna þeirra.


Árið 2005 kr. 20.800

Desemberuppbót verður:

Orlofsuppbót á samningstímanum verður:

Árið 2001	kr. 20.000
Árið 2002	kr. 20.300
Árið 2003	kr. 20.400
Árið 2004	kr. 20.600

Árið 2001	kr. 35.000
Árið 2002	kr. 36.000
Árið 2003	kr. 37.000
Árið 2004	kr. 38.000
Árið 2005	kr. 39.000



Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:


Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
 Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sæturn 1 • 105 Reykjavík
 Svar þarf að berast fyrir 21. maí n.k.



Björg Gísladóttir hjá NTC- saumastofu var svo heppin að detta í lukkupottinn í verðlaunakrossgátunni. Björg er trúnaðarmaður á sínum vinnustað og í trúnaðarráði Eflingar



Ökusk í Mjódd

**Lausn síðustu
krossgátu**



Pix

Efling

Gaman með trúnaðarmönnum

Kvöldstundir með trúnaðarmönnum Eflingar hafa tekist afar afar vel. Í Eflingu eru um 270 trúnaðarmenn og hafa þeir flestir þegið boð um að koma á stuttan fund í Sætúni og síðan sameiginlega máltíð á eftir.

Formenn hafa fjallað stuttlega um félagið og starfsemina. Sérstaklega hefur verið farið yfir nýmæli í menntamálum á vegum félagsins. Umsjónarhópur trúnaðarmanna á skrifstofu

Eflingar hefur verið á fundunum og í sameiginlegri máltíð á eftir þar sem kostur hefur gefist á umræðum um allt milli himins og jarðar.

Myndirnar eru teknar á Grand Hótel þar sem Róbert ljósmyndari leit við í aðdraganda máltíðar og smeltti mynd af glaðværum trúnaðarmönnum í hópi stjórnarmanna og starfsmanna Eflingar.



Pix



Pix

Nælduöruggi og gæðfljónustu



Beru ávöxtun og gjöf SPV
saman viðara kostnaðinum



PENINGAMARKAÐSREIKNINGUR
SPARISJÓÐSINS

Nafnvextir	Raunvextir
Ársávöxtun 2000 10,36%	5,93%
Vextir 10.32001:10,8%	

Peningamarkaðsreikningur SPV er alltaf laus og veðinnar h
peningamarkaðsins öryggi sparireiknings.

- * 10 daga bindit eftir reikningurinn alltaf tekur til
- * Engin fljónustugjöld, innlausnargjafi áskilnaðir.
- * 250.000 kr marksmátt.



Nafnvextir	Raunvextir
Ársávöxtun 2000 10,12%	5,70%

Bundinn ávaxtareikningurinn er ávallt laus og veðinnar h
febrúar 996 og hefur átt mögulega ávöxtun Bakhjarl SPV tryggir
flér ávöxtun og öryggi.



Nafnvextir	Raunvextir
Ársávöxtun 2000 10,5%	6,6%
Vextir 10.32001:16,4% af vertryggingar	

Lífsval SPV er spararleið sem taka við ótarframlag af
eyrissj. Lífsval lífeyrissreikningur SPV sem gæðfljónustu
samþættillegra reikningabílinu jaðni 2000 annari í ö og
ávöxtun var einnig fljónustu besta stakkist í hliðrins 2000.
Beru saman við lífeyrissj.




Áskriftar reikningur ársforml sem henta sem vilja stunda
reglubundinn spar og ótta ávöxtunarán nokkurs kostnað.
Reikningurinn er bundinn ávöxtun, beðhvexti og ötrygging.
Vextir 10.32001:16,4% af vertryggingar

- Eydu í þarna, fljónustu borgarar sj
- * Eflú leggur 10.000 kr. ávöxtunarán 5 áráttu 705.53 kr.
miðar við 6,4% raunvexti.
- * Eflú leggur 10.000 kr. ávöxtunarán 10 áráttu 667.97 kr.
miðar við 6,4% raunvexti.

Veldu ávöxtun eins og h
gerist bestu til okkar
SPV og áu ánnari
upplýsingar og gjöf á
hringdu fljónustuver okkar
í síma 5754100.



40 ára
örugg
hjálmaráðgjöf



Lífið er ekki þrautalaust

Paratabs

PRAUTREYNT VERKJALYF



LYFJAPRÓUN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamól og er verkjastillandi sem og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sóththita af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrabólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.*